

STEINAR BJÖRGVINSSON
Íslandsmeistari í
blómaskreytingum
hús fasteignir
allt í MIÐJU BLAÐSINS



ÁRNI EGILSSON
Á farsælan feril
að baki
Hefur leikið tónlist í Hollywood-myndum í 36 ár
FÓLK 38



FRÉTTA
RÍTE
OF
SPRING
27.-30. apríl
Á NASA við Austurvöll.
www.riteofspring.is

FRÉTTA BLAÐIÐ

FRÍTT

24. apríl 2006 — 108. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Chez Styrmir

Hallgrímur Helgason brá sér í dulargervi og freistaði þess að fá borð á einum vinsælasta veitingastað borgarinnar.

Í DAG 18



Blái hnötturinn í Pakistan

Barnaleikrit Andra Snæs Magnasonar var nýlega sett upp í alþjóðlegum skóla í Islamabad í Pakistan.

FÓLK 38



Fjallar minna um bókasöfn

Ágústa Pálsdóttir, lektor, hefur forgöngu um málþing í tilefni þess að fimmtíu ár eru liðin frá því að kennsla hófst í bókasafns- og upplýsingafræði.

TÍMAMÓT 22




Lemgo á grænni grein

Ásgeir Örn Hallgrímsson og Logi Geirsson eiga mikla möguleika á að verða Evrópumest- arar með Lemgo eftir 30-29 sigur á Göppingen í gær. Logi skoraði átta mörk í leiknum og Ásgeir fjögur.

ÍPRÓTTIR 34



VEÐRIÐ Í DAG



HÆGLÆTISVEÐUR – í dag verður hæg suðaustlæg eða austlæg átt. Skúrir mjög víða, síð þó á Norðausturlandi þar sem verður skyjað með köflum. Hiti 2-6 stig að deginum.

VEÐUR 4

Drögum
ó morgun

Átt þú miðo?

HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings



GÓÐIR SAMAN Þrjúburarnir Kári, Logi og Máni eru afar samrýmdir. Þeir eru jafngamlir Fréttablaðinu og urðu því fimm ára í gær. Logi fæddist fyrstur og síðan Kári, en þeir tveir eru eineggja. Máni kom svo síðastur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þrjúburarnir Kári, Logi og Máni:

Jafngamlir Fréttablaðinu

FRÉTTABLAÐIÐ Þrjúburarnir Kári, Logi og Máni Meyer fæddust sama dag og fyrsta tölublað Fréttablaðsins kom út. Daginn eftir birtist viðtal við foreldra þeirra á forsiðu blaðsins. Strákarnir búa ásamt foreldrum sínum í Kópavogi og eru í leikskólanum Ásborg.

„Mín deild heitir Langholt,“ segir Kári. „Mín heitir Langisandur,“ segir Logi. „Og mín heitir Ás,“ segir Máni.

Þegar strákarnir eru ekki í leikskólanum er ýmislegt sem þeir gera sér til skemmtunar. Loga finnst skemmtilegast að leika sér, Mána finnst skemmtilegast að klæða sig í búninga og Kára finnst skemmtilegast að vera úti.

Sif Svavarsdóttir og Halldór Gerhard Meyer forsedrar þrjúburanna ætla ekki út í frekari barn-eignir. „Við ætlum bara að einbeita okkur að þessum þremur til þess að þeir fái alla þá athygli sem þeir þurfa,“ segir Halldór og hlær. Meira má lesa um strákana fjórugu í Fréttablaðinu í dag. - sjá bls. 12

Ósætti um leikskóla

Sjálfstæðisflokkur vill lækka leikskólagjöld um fjórðung. Samfylking boðar sjö tíma gjaldfrelsi í leikskólum haustið 2008. Framsókn og VG hafa gjaldfrjálsan leikskóla líka á stefnuskránni. Vilhjálmur Þ. segir gjaldfrelsið vera rangnefni.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Skýr málefna-ágreiningur er um leikskólamáli milli flokkanna sem bjóða fram til borgarstjórnar Reykjavíkur í kosningunum í vor. Þrír aðhyllast gjaldfrjálsan leikskóla, en Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóraefni sjálfstæðismanna er á öðru máli. „Það er ekkert til sem heitir gjaldfrjáls leikskóli,“ sagði hann við blaðamann Fréttablaðsins í gær.

Sjálfstæðismenn og Samfylking héldu blaðamannafundi um leikskólamáli í gær.

Sjálfstæðismenn boða lækkan leikskólagjalda um 25% frá og með 1. september næstkomandi. Þeir vilja einnig að foreldrar greiði aðeins leikskólagjöld fyrir

eitt barna sinna í einu.

„Við viljum fara þá leið að lækka gjöldin allan daginn, líka á áttunda og níunda tímanum, ólíkt Samfylkingunni sem ætla bara að afnema gjöld af fyrstu sjö tímum,“ sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. „Sjöttíu prósent foreldra notfæra sér áttunda tímann og 30 prósent þann níunda. Það er ekkert verið að tala um að gefa þá tíma frjálsa þannig að það er rangnefni að tala um gjaldfrjálsa leikskóla.“

Samfylkingin hélt einnig blaðamannafund um leikskólamáli í gær til að kynna þá stefnu að haustið 2008 muni öll leikskólakönn njóta sjö tíma ókeypis leikskólavistar á dag. „Þegar þessu verki okkar

lýkur haustið 2008 munu kjara- bætur foreldra allra leikskólakönn samsvara 50 þúsund króna kaupauka á mánuði á hvert barn,“ sagði Dagur B. Eggertsson, borgarstjóraefni Samfylkingarinnar.

Í stefnuskrá vinstri grænna segir að flokkurinn vilji viðhafa sömu reglur um gjaldtöku í leikskólum og grunnskólum og leggja niður skólagjöld í leikskólum.

Framsóknarflokkurinn hefur þá stefnu að leikskóli fyrir öll börn frá 18 mánaða aldri skuli gjaldfrjáls. Frjálslyndir vilja flýta uppbyggingu leikskóla í borginni með það að markmiði að hægt sé að veita börnum frá eins árs aldri dagvistun.

- sh/pg / sjá síðu 10

Flestir vilja Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson sem næsta borgarstjóra:

Fylgi við Vilhjálm eykst enn

SKOÐANAKÖNNUN Rúm 42 prósent vilja að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokks, verði næsti borgarstjóri Reykjavíkur. Þetta er niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

Stuðningur við Vilhjálm í borgarstjóraembættið eykst lítillega frá könnun blaðsins í mars, en þá sögðust 40,5 prósent vilja að Vilhjálmur yrði næsti borgarstjóri.

Vilhjálmur er ánægður með stuðninginn. „Ég er mjög þakklátur fyrir það traust sem borgarbúar sýna mér. Verði mér falið þetta embætti þá mun ég standa mig vel og vera í góðu sambandi við fólk í borginni.“



VILHJÁLMMUR VILHJÁLMSON



DAGUR B. EGGERTSSON

söguðst vilja sjá Dag sem borgarstjóra.

Dagur B. Eggertsson kveðst einnig ánægður með niðurstöðuna. „Þetta sýnir fyrst og fremst að valið stendur milli þess hvort Samfylkingin eða Sjálfstæðisflokkur stjórni borginni eftir kosningar. Ég hlakka í því ljósi bara til að fá að kynna okkar áherslur og stefnumál.“

Oddvitar Framsóknarflokks, Frjálslynda flokksins og vinstri grænna hafa mun minni stuðning Reykavíkinga í borgarstjóraembættið, en hver um sig er nefndur í innan við tvö prósent tilvika.

- ss / sjá síðu 4

Hamfarir í Kaliforníu:

Jörðin gleypiti Ameríkumann

KALIFORNÍA, AP Maður nokkur, sem bjó í húsi byggðu á níunda áratugnum á dreifbýlu svæði nærri Alta-vatni í Kaliforníu, varð fyrir því á föstudagskvöldið að jörðin gleypiti hann þar sem hann stóð heima í eldhúsi.

Undir húsinu opnaðist skyndilega hlyðpishola sem dró stóran hluta hússins með öllu sem í því var niður í einu veffangi. Maðurinn grófist í rústirnar og varð ekki bjargað.

„Þetta er ótrúlegt,“ sagði talsmaður lögreglunnar, Dena Erwin, um aðkomuna. „Framan frá er ekki að sjá að neitt sé að húsinu, en þegar inn er komið er ekkert nema eitt gapanndi hlyðypi.“

Í ljós kom að undir húsinu voru göng úr löngu yfirgefinni námu.

- aa

Flugfrakt og sjófrakt

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



SPURNING DAGSINS

Jón Birgir, var gott að glíma á Bessastöðum?

Já, Bessastaðastofa er mjög hentug til glímusýninga og þetta var mikill heiður.

Jón Birgir Valsson, formaður Glímusambandsins og handhafi Grettisbeltisins, glímdi við Pétur Eypórsón á Bessastöðum á laugardag. Pétur vann.

Skaftárhlaup náði hámarki í gær og gengur að mestu yfir næstu tvo daga:

Eitt stærsta hlaup sögunnar

SKAFTÁRHLAUP Nú er orðið ljóst að hlaupið í Skaftá er eitt það allra stærsta í sögunni. Um miðjan dag í gær náði hlaupið hámarki og mældist rennsli í Eldvatni við Ása 636 rúmmetrar á sekúndu. Snorri Zóphóníasson, sérfræðingur á vatnamælingasviði Orkustofnunar, telur að rennsli við upptök hlaupsins hafi þá náð á bilinu fjórtán til fimmtán hundruð rúmmetrum. Vegna sambandsleysis við rennismæli við Sveinstind er ekki hægt að segja nákvæmlega til um það að svo stöddu.

Hlaupið tekur nú að réna og telur Snorri að mesti vatnsflaumurinn gangi yfir á einum eða



VATNAMÆLINGAMENN VIÐ STÖRF Rennismæling var gerð í Eldvatni við Ása.

tveimur dögum. Slíkt sé venjan með Skaftárhlaup sem vaxa hratt eins og hlaupið í ánni núna.

„Þetta er auðvitað bara mikið hlaup og lánið í óláninu að það var svo lítið vatn fyrir í ánni. Hlaupin

skemma þó alltaf því þau brjóta gróid land úr öllum bökkum og þegar það fer að fjara situr sandur og leir eftir úti um allt sem fýkur svo yfir,“ segir Halldór bóndi á Ytri-Ásum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Kirkjubæjarklaustri er ljóst að hlaupið fór yfir vegi heim að bæjum í Skaftárdal og við Skál. Einnig er talið líklegt að flætt hafi yfir Fjallabaksleið nyrðri við Hólaskjól en sá vegur er lokaður vegna árstíðar. Skemmdir liggja þó ekki endanlega fyrir fyrir vatnsyfirborðið tekur að lækka og vegirnir koma aftur í ljós.

Árekstur á Selfossi:

Prír fluttur á slysadeild

SLYSFARIR Umferðarslys varð á Selfossi um klukkan hálf tvö í fyrrinótt. Tveimur bílum, jeppa og fólksbíll, var ekið samsíða eftir einni af götum bæjarins og skulu þeir saman þegar þeim var ekið yfir gatnamót.

Prír slösuðust og voru fluttir á slysadeild. Einum hinna slösuðu var ekið til Reykjavíkur til aðhlyningar.

Beita þurfti klippum til að ná fólki út úr öðrum bílum og eru þeir báðir ónýtir.

Lögreglan á Selfossi gat ekkert sagt um tildrög slyssins og eru þau því óljós. Málið er í rannsókn. ■



KJARTAN MAGNÚSSON Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Ársreikningur borgarinnar:

Dreift seint til borgarfulltrúa

BORGARMÁL Ársreikningar Reykjavíkurborgar og hlutdeildarféлага, sem ræddir verða í borgarstjórn á morgun, voru sendir borgarfulltrúum upp úr hádegi í gær.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, gagnrýnir að ekki gefist meira rúm til að rýna í reikninginn. „Þetta er á fjórða hundrað síður og maður spyr sig hvort R-listinn sé að reyna að koma í veg fyrir upplýsta umræðu á fundinum. Staðan er ójöfn þar sem oddvitar minnihlutflokka hafa ekki þann herskara embættismanna á bak við sig sem borgarstjóri hefur.“

Borgarfulltrúar og embættismenn eru bundnir innherjalögum þar sem ársreikninginn ber að birta í Kauphöll Íslands. Fyrir mega þeir ekkert láta uppi um efni hans og innihald. ■

LÖGREGLUMÁL

Bílrúður brotnar Sjö bílar við Reykjavíkurhöfn urðu fyrir barðinu á skemmdarverkfólki í gærmorgun. Voru rúður brotnar og leitað að verðmætum í bílum. Fólk hafði þó lítið sem ekkert upp úr krafinu.

Verðtrygging og erlend lán draga úr mætti stýrivaxta

Jón Sigurðsson, fyrrverandi Seðlabankastjóri, segir mátt stýrivaxta minni hér en annars staðar. Guðmundur Magnússon prófessor segir vaxtahækkunir bitna á smærri fyrirtækjum. Illugi Gunnarsson hagfræðingur efast um ágæti vaxtahækkana Seðlabanka. Aðalhogfræðingur bankans gefur lítið fyrir þá skoðun.

EFNAHAGSMÁL Máttur stýrivaxta sem hagstjórnartækis er minni hér en í öðrum löndum, meðal annars vegna verðtryggingarinnar, segir Jón Sigurðsson, fyrrverandi Seðlabankastjóri og ráðherra. „Í öðrum löndum hafa stýrivextir meiri og beinni áhrif á nafnvextina. Vaxtahækkunir hér slá ekki á þenslu,“ segir Jón. Ekki dregur úr lántökum þrátt fyrir vaxtahækkunir en gengi gjaldmiðla hefur, að mati Jóns, meiri áhrif á efnahagslífið. Fyrir vikið myndist togstreita, hækkandi vextir tefji gengislækkun eða haldi genginu uppi, við það dragi tímabundið úr verðbólgu en viðskiptahallinn aukist.

Guðmundur K. Magnússon hagfræðiprófessor segir stýrivextina bitlausa í því opna hagkerfi sem við búum við. „Það sýndi sig best fyrir einu og hálfu ári þegar viðskiptabankarnir lækkuðu vexti á húsnæðislánum á meðan Seðlabankinn hækkadi stýrivextina.“ Hann segir Seðlabankann í raun ekki hafa nein tæki til að sporna gegn verðbólgu og aðgerðir bankans bitni aðeins á smærri fyrirtækjum. „Það er fátt til úrræða þegar fjárstreymið á milli landa er opið og það dugar jafnvel ekki að hækka stýrivextina upp í sextán prósent. Slíkt mun aðeins bitna á smáfyrirtækjunum sem ekki geta leitað á erlendan markað til að taka lán. Rekstrargrundvöllur þeirra er því í hættu.“

Illugi Gunnarsson, hagfræðingur og fyrrverandi aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar, gerir stýrivextina að umtalsefni í grein



SEÐLABANKINN Hækkun stýrivaxta bitnar á smáfyrirtækjum því þau geta ekki tekið lán í útlöndum að mati Guðmundar Magnússonar.



GUÐMUNDUR MAGNÚSSON hagfræðiprófessor.



JÓN SIGURÐSSON Fyrrverandi Seðlabankastjóri.



ARNÓR SIGHVATSSON Aðalhogfræðingur Seðlabankans.



ILLUGI GUNNARSSON hagfræðingur.

í Fréttablaðinu í gær og veltir fyrir sér hvort hækkunir Seðlabanka hafi valdið óeðlilegri spennu í hagkerfinu. Arnór Sighvatsson, aðalhogfræðingur Seðlabankans, gefur lítið fyrir þá hagfræði. „Ég er mjög undrandi á þessari grein,

sérstaklega þar sem hún kemur frá manni sem hefur verið talsmaður þess að halda í krónuna. Hann færir í raun rök fyrir því að við ættum að leggja krónuna af hið allra fyrsta.“ Arnór segist raunar þeirrar skoðunar að ávinn-

ingurinn af að halda í krónuna sé minni en enginn er rökinn séu ekki þau sömu og Illugi færir fram, það er, að peningastefnan virki ekki. „Hún virkar rétt en það eru takmörk fyrir því hvað hún getur verið framsýn vegna þess að við höfum afskaplega lítið vald yfir genginu og getum illa séð það fyrir.“ Illugi veltir líka fyrir sér hvort stýrivextirnir hafi verið hækkad of snemma. Því er Arnór ósammála. „Ég held að við höfum hækkad vextina of seint.“

Jón Sigurðsson sagðist í Silfri Egils í gær þeirra skoðunar að rétt væri að kanna kosti þess að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. ■

bjorn@frettabladid.is

BÍLL DAGSINS

OPEL ASTRA 1.8 ENJOY

Nýskr 10.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 12 þús km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

Talsmaður neytenda og umboðsmaður barna taka höndum saman:

Skoða markaðssókn gegn börnum

BÖRN Talsmaður neytenda og Umboðsmaður barna hafa tekið höndum saman um frekari hömlur á markaðssókn sem beinist að börnum og unglíngum. „Greinileg þörf er á því að skoða þetta mál,“ segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, en fjölmargar ábendingar hafa borist embættinu um efnið.

Málþing var haldið í upphafi síðasta mánaðar og var það fyrsta skrefið í leitinni að lausn á vandnum. „Næstu skref eru að finna umræðugrundvöll við atvinnulífið og samkomulag í framhaldinu.“

Spurður um bein tilvik óæskilegrar markaðssetningar nefnir Gísli sem dæmi auglýsingar á óhollri matvöru. „Það hefur mikil áhrif þegar þekktar figúru sem börn hafa áhuga á eru hluti af slíkri markaðssetningu.“ ■



ÓHOLL MATVARA Dæmi eru um að markaðssetningu á óhollri matvöru sé beint að börnum.

LEGACY



Fallegur og fundvís - innan vega sem utan

Knarrarósviti, Stokkseyri

Nú fylgir leiðsögutæki* að andvirði 96.500,- með hverjum seldum Legacy

Legacy er lipur innanbæjar en þegar honum er hleypt út á land finnur þú fyrir kraftmiklu sídrifinu sem heldur stjórninni ávallt í þínum höndum. Þú einbeitir þér að akstrinum og tölvan vísar þér til vegar - hvort sem þú ert á þjóðvegnum eða bara að leita að Þorláksgæsla í Grafarholti.



STADALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRD LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan **2.370.000,-** Sjálfskiptur Sedan **2.540.000,-** Beinskiptur Wagon **2.560.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.690.000,-**

Ingvar Helgason		Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is		Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Selfossi 482-3100	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453

* Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálandskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3.

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 21.4.2006

Bandaríkjadalur	77,73	78,11
Sterlingspund	138,4	139,08
Evra	95,79	96,33
Dönsk króna	12,836	12,912
Norsk króna	12,228	12,3
Sænsk króna	10,294	10,354
Japansk jen	0,6629	0,6667
SDR	113,05	113,73

Gengisvísitala krónunnar

133,4757

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



LJÓMI LÍÐINNAR TÍÐAR Sir Stirling Moss sýnir hertoganum af Gloucester, frænda drottningar, Jaguar D-Type kappakstursbíl sinn af árgærdinni 1954. NORDICPHOTOS/AFP

Afmæli Bretadrottningar:

Einn bíll fyrir hvert æviár

BRETLAND Hátíðahöldum í tilefni af áttirðisafmæli Elísabeta II Bretadrottningar var fram haldið um helgina með sýningu á fornþili fyrir framan Buckinghamhöll í Lundúnum. Þar gat að líta einn breskan bíl fyrir hvert æviár drottningar. Sá elsti var Morris Oxford Tourer, árgærd 1926, en sá nýjasti Jaguar XK150, árgærd 2006.

Konungsfjölskyldan safnaði annars saman ásamt völdum gestum í guðspjónustu í kapellunni í Windsor-kastala í gær, en með henni lauk formlegum hátíðahöldum í bili. - aa

LÖGREGLUFRÉTTIR

Partí í Firðinum Hafnirfirðingar voru í meira lagi veisluglaðir aðfaranótt sunnudags og var lögregla nokkrum sinnum beðin um að hlutast til um að lækkað væri í hljómflutningstækjum í heimahúsum. Var tilmælum þar um jafnan vel tekið.

Ekið án ókuréttinda Lögreglan í Keflavík stöðvaði ókumann í gær sem var grunaður um akstur undir áhrifum áfengis. Viðurkenndi maðurinn í samtali við lögreglu að hann væri sviptur ókuréttindum ævilangt.

Reykkafarar í Grindavík Eldur kom upp í raðhúsi í Grindavík í fyrrkvöld. Senda þurfti reykkafara frá slökkviliðinu til að kanna hvort einhver væri inni í húsinu en svo reyndist ekki vera. Lögreglan rannsakar nú eldsuðptök.

Vaxandi spenna milli fylkinga Palestínnumanna:

Hamas og Fatah í hár saman

GAZABORG, AP Fylgismönnum Hamas- og Fatah-hreyfinga Palestínnumanna laust ítrekað saman um helgina. Í gær komu vopnaðir liðsmenn Hamas nýskipuðum heilbrigðisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar til bjargar eftir að æstir byssumenn, sem taldir voru koma úr röðum Fatah, rústuðu skrifstofu hans í Gazaborg. Í kjölfarið kom til skotbardaga sem þrír menn særðust í.

Til skotbardagans kom aðeins fáeinum klukkustundum eftir að forystumenn Hamas og Fatah komu sér saman um að vinna markvisst að því að draga úr spennunni milli fylkinganna tveggja, en þær

eiga í hatrammri valdabaráttu í kjölfar kosningasigurs Hamas í vetur sem batt enda á áralanga einokun Fatah á stjórntaumunum.

Átökin endurspeгла líka vaxandi óþolinmæði almennings gagnvart nýju Hamas-stjórninni, sem getur ekki einu sinni greitt opinberum starfsmönnum laun þar sem svo til öll erlend fjárhagsaðstoð er hætt að berast og ísraelsk stjórnvöld, sem séð hafa um innheimtu skatta fyrir palestínsku heimastjórnina, láta skattféð ekki berast lengra svo lengi sem Hamas heldur fast við þá stefnu sína að viðurkenna ekki tilverurétt Ísraelsríkis. - aa



ÁTÖK Á GAZA Vopnaður liðsmaður Hamas á verði við heilbrigðisráðuneytið í Gazaborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íbúar öldrunarstofnana:

Missa fjárræði

ÖLDRUNARMÁL Ellilífeyrisþegar missa sjálfæði og fjárræði við að flytjast á stofnanir. Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, segir allar bætir frá Tryggingastofnun renna óskiptar til heimilanna. „Þær eru teknar án þess að fólk hafi eitthvað um það að segja.“ Sama máli gegni um lífeyrissjóðsgreiðslur, allt umfram 50 þúsund krónur renni til heimilisins.

Margrét gagnrýnir einnig að greiðslur séu ekki gegnsæjar og þjónustan óskilgreind. Engu skipti hvort viðkomandi er í eins eða sex manna herbergi. Allir borgir jafnt.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra vildi ekki tjá sig um málið. ■

Rúm 40 prósent vilja Vilhjálmm

Rúm 42 prósent Reykvíkinga segjast vilja fá Vilhjálmm sem næsta borgarstjóra Reykjavíkur. Næstmestan stuðning í borgarstjórastólinn hefur Dagur B. Eggertsson, sem tæp 37 prósent segjast styðja. Í þriðja sæti er Gísli Marteinn Baldursson en fimm prósent þeirra sem tóku afstöðu nefndu hann.

SKOÐANAKÖNNUN Flestir nefna nafn Vilhjálms P. Vilhjálmssonar, oddvita Sjálfstæðisflokks í Reykjavík, þegar spurt er hvern þeir vilja sem næsta borgarstjóra í Reykjavík. 42,1 prósent þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar nefndu nafn hans. Þetta er niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins.


Stuðningur við Vilhjálmm sem borgarstjóra eykst aðeins frá síðustu könnun, sem framkvæmd var 25. mars. Þá sögðust 40,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku vilja fá Vilhjálmm sem næsta borgarstjóra.

Stuðningur við Vilhjálmm minnkar lítillega meðal karlanna á milli kannana, en eykst meðal kvenna. Nú nefna 44,0 prósent karla nafn Vilhjálms, en í síðustu könnun voru það 47,8 prósent karla. 40,1 prósent kvenna segjast nú vilja Vilhjálmm sem borgarstjóra, en í síðustu könnun voru það 31,6 prósent.

Í könnun blaðsins í mars vildu flestar konur að Dagur B. Eggertsson yrði næsti borgarstjóri, en nú er Vilhjálmmur með stuðning bæði flestra karla og kvenna, þótt litlu muni á stuðningi kvenna við Vilhjálmm og Dag, eða um hálfu prósentustigi.

Líkt og í könnun blaðsins í mars nefna næstflestar Dag B. Eggertsson, oddvita Samfylkingarinnar í Reykjavík, sem næsta borgarstjóra. 36,8 prósent segjast nú vilja að Dagur verði næsti borgar-

HVÆR VILT ÞÚ AÐ VERÐI NÆSTI BORGARSTJÓRI Í REYKJAVÍK?



stjóri, en í síðustu könnun blaðsins hafði hann stuðning 36,4 prósent þeirra sem tóku afstöðu. Munurinn er einungis 0,4 prósentustig. Stuðningur karla við Dag eykst því lítillega. Í síðustu könnun sögðust 31,7 prósent karla vilja Dag sem borgarstjóra, en nú eru það 34,0 prósent. Stuðningur kvenna minnkar hins vegar aðeins. 41,9 prósent kvenna sögðust í síðustu könnun vilja Dag sem næsta borgarstjóra, en 39,5 prósent nefna nafn hans nú.

Þar sem tæp áttatíu prósent þeirra sem tóku afstöðu í þessari könnun nefna annaðhvort Vilhjálmm eða Dag, er mikill munur á efstu tveimur mönnum og þeim sem koma þar á eftir.

Í þriðja sæti er Gísli Marteinn Baldursson, þriðji maður á lista Sjálfstæðisflokks. 5,0 prósent nefna hann sem næsta borgarstjóra, en hann var í fimmta sæti í síðustu könnun, þegar 3,5 prósent

nefndu nafn hans. Stuðningur Gísla Marteins er jafn milli kynja. Mest var fylgi Gísla Marteins í könnun Fréttablaðsins í ágúst á síðasta ári þegar tæp 24 prósent vildu að hann yrði næsti borgarstjóri. Sú könnun var framkvæmd áður en prófkjör Sjálfstæðisflokksins fór fram.

Núverandi borgarstjóri, Steinnun Valdí Öskarsdóttir sem skipar annað sæti á lista Samfylkingarinnar er í fjórða sæti í þessari könnun og nefna 4,7 prósent nafn hennar. Í fimmta sæti er Stefán Jón Hafstein, sem skipar þriðja sæti á lista Samfylkingar og nefna 2,8 prósent þeirra sem afstöðu tóku nafn hans.

Ef einungis er litið til þeirra fimm sem oftast eru nefndir, eru fulltrúar Sjálfstæðisflokks nefndir í 47 prósent tilvika, en fulltrúar Samfylkingar eru nefndir í rúmlega 44 prósent tilvika.

Ef reiknaður er stuðningur við

hvern flokk segjast rúm 47 prósent vilja Sjálfstæðismann sem næsta borgarstjóra sem er sama hlutfall og segist myndu kjósa flokkinn, væri það að til borgarstjórnarkosninga nú. Rúm 46 prósent nefna nafn einhvers úr Samfylkingu, en flokkurinn mældist með tæplega 31 prósent fylgi í könnun Fréttablaðsins sem birtist í gær. Stuðningur við einhvern úr hinum flokkunum þremur mældist innan við tvö prósent á hvern flokk.

Hringt var í 600 Reykvíkinga laugardaginn 22. apríl og skiptust svarendur jafnt milli kynja. Spurt var: Hver vilt þú að verði næsti borgarstjóri í Reykjavík? 53,5 prósent aðspurð tóku afstöðu til spurningarinnar, sem er aðeins minna en í síðustu könnun, þegar 56,8 prósent tóku afstöðu til þessarar spurningar. Mun færri nöfn voru nú nefnd, eða 13 en 20 nöfn voru nefnd í síðustu könnun.

svarborg@frettabladid.is

PESSI VORU LÍKA NEFND

Björn Ingi Hrafnsson
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Svandís Svavarsdóttir
Ólafur F. Magnússon
Július Vífill Ingvarsson
Þórolfur Árnason
Björk Vilhelmsdóttir

Palomino fellihýsi
-sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Kynntu þér nýja bremsukerfið!

GLITNIR
Palomino Colt Verð 979.800.-
Útþorgun 195.960.-
Mánaðargreiðsla 11.985.-
*máðast við 84 mán.

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
www.seglagerdin.is Eyjarslóð 5, sími 511 2200

VEÐURSPÁ

um hádegis >>

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

AGÆTIR HITAR Í EVRÓPU
Í veðurkortunum fyrir Evrópu er að sjá að á meginlandinu sé kominn ágætur hiti og að sumarið sé þar á næsta leið. Reyndar er enn nokkuð svalt í Noregi og Svíþjóð en Danmörkin er að rétta úr kútnum sem og Þýskaland sem kemur sterk inn núna. Ennfremur eru komin ágæt hlýndi í Frakklandi. Þetta eru auðvitað jákvæð tíðindi eftir heldur kaldan vetur.

HÖFUDBORGIN Í DAG
Hæg suðlæg átt og skúrir. Hiti 2-4 stig.

um hádegis >>

Kaupmannahöfn	12°C skýjað/skúr	London	14°C skúr	Torrevieja	21°C skýjað
Billund	11°C léttskýjað	Paris	19°C skúr	Róm	18°C léttskýjað
Oslo	5°C skýjað/skúr	Frankfurt	17°C hálfskýjað	New York	20°C hálfskýjað
Stokkhólmur	7°C hálfskýjað	Madrid	21°C léttskýjað	San Francisco	17°C léttskýjað
Helsinki	10°C léttskýjað	Barcelona	19°C léttskýjað	Orlando/Florida	33°C léttskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun

Yfirleitt 3-8 m/s

» miðvikudagur

Hæg norðvestlæg eða breytileg átt.



100%
endurgreiðsla í dag!



Pú getur sótt um e-kortið á www.ekort.is
og e² Vildarkortið á www.e2.is

Gildir bæði fyrir
e-kort og e² Vildarkort

Þeir sem greiða með kortunum fá
10% endurgreiðslu af öllu eldsneyti
hjá ESSO í dag!

e kort
www.ekort.is

e² Vildarkort



KJÖRKASSINN

Myndir þú kjósa flokk þjóðernis-sinna?

Já	42%
Nei	58%

Vilt þú sjá gjaldfrjálsan leikskóla?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Síðari umferð þingkosninga í Ungverjalandi:

Sósíalistar áfram við völd

UNGVERJALAND, AP Ferenc Gyurcsany, sem farið hefur fyrir ungversku ríkisstjórninni undanfarið kjörtímabil, lýsti í gærkvöld yfir sigri stjórnarflokka, eftir að allt benti til að þeir myndu ná 210 þingsætum af 386 er 98 prósent atkvæða höfðu verið talin í síðari umferð þingkosninganna sem fram fór í gær.

Áður hafði Istvan Hiller, flokksformaður Sósíalístaflokksins, stærsta stjórnarflokksins, greitt frá því að leiðtogi hægrimanna, Viktor Orban, hefði jatað sig sigraðan og óskað Gyurcsany til hamingju með sigurinn í símasamtali. Þegar úrslit lágu fyrir í 98 af

hundraði kjördæma virtust sósíalistar og bandamenn þeirra hafa tryggt sér 210 þingsæti en borgaraflokkarnir 175. Einn óháður náði kjöri.

Kosið var í gær aftur í 110 kjördæmum eftir að enginn einn framboðandi náði afgerandi sigri í þeim í fyrri umferð þingkosninganna fyrir tveimur vikum. Í fyrri umferðinni tryggðu vinstriflokkarnir sér 113 af þingsæturnum 386 en borgaraflokkarnir 99.

Kjörsókn var um 64,3 prósent en hún var 67,8 prósent í fyrri umferðinni.

FERENC GYURCSANY Ungverski forsætisráðherrann á kjörstað ásamt fjölskyldu sinni í Búdapest í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Skaftárhlaup:

Brennisteinsfnykur nyrðra

ILMUR Árrisulir Akureyringar urðu varir við megnan brennisteinsfnyk í bítið í gærmorgun. Jöklaflýlan fannst víðar á Norðurlandi og átti að líkindum uppruna sinn að rekja til hlaupsins í Skaftá en allstíf suðaustanátt var um miðbik landsins.

Fremur sjaldgæft er að jafn sterk jöklaflýla berist frá Skaftá til Norðurlands og dæmi um að illa vaknaðir Akureyringar áttuðu sig ekki á uppruna ilmsins. Húsmóðir í Þorpinu tók sig til og henti skreyttum eggjum sem börnin á heimilinu höfðu málað fyrir páskaana en vissi ekki að lyktin var sterkari utan dyra en innan. -kk

LÖGREGLUMÁL

Fíkniefni í Kópavogi Rólegt var hjá lögreglunni í Kópavogi í fyrrinótt þar sem einn maður var stöðvaður fyrir ölvunarakstur. Við reglubundið eftirlit fundust fíkniefni á öðrum manni og var hann færður til yfirheyrslu. Málið telst upplýst.

Bílrúður brotnar Sjö bílar við Reykjavíkurbær urðu fyrir barðinu á skemmdarverkfólki í gærmorgun. Voru rúður brotnar og leitað að verðmætum í bílunum. Fólkið hafði þó lítið sem ekkert upp úr krafsinu.

LÖGREGLUMÁL

Reykæfing á Suðurnesjum Glatt logaði í gamalli steypustöð í Reykjanesbæ þegar slökkviliðsmenn Brunavarna Suðurnesja voru við æfingar. Stöðin var látin brenna til grunna eftir að æfingunni lauk.

Annir vegna hlaups Lítið var um að vera hjá lögreglunni í Vík og á Kirkjubæjarklaustri ef frá eru taldar annir vegna Skaftárhlaups. Voru lögreglumenn á varðbergi í nágrenni við ána og könnuðu skemmdir á vegum.

Aðalfundur VR

verður haldinn á Nordica hótel í dag mánudaginn 24. apríl og hefst kl. 19:30.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Laga- og reglugerðabreytingar
- Nýtt nafn
- Stofnun Varasjóðs
- Sameining við Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar

Virðing Réttlæti

VR



HERSKÁR AÐ VANDA Mynd úr útsendingu Al-Jazeera-sjónvarpsstöðvarinnar á nýjstu orðsendingu al-Kaída-foringjans í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Segir Vesturlönd reka stríð gegn íslam

Í nýrri hljódupptöku hótar al-Kaída-forsprakkinn Osama bin Laden nýjum árásum á hendur óbreyttum borgurum á Vesturlöndum, sem hann segir heyja stríð gegn íslam. Hann hvetur múslima til að taka þátt í skæruheraði í Súdan.

MIDAUSTURLÖND, AP Osama bin Laden lét nýjar hótanir í garð Vesturlanda frá sér fara í hljódupptöku sem send var út af arabísku Al-Jazeera-sjónvarpsstöðinni í gær. Í upptökunni sakar bin Laden almennig á Vesturlöndum um að styðja í reynd stríð á hendur íslam; enn fremur hvatti hann fylgismenn sína til að fara til Súdan til að berjast gegn friðargæsluliði á vegum Sameinuðu þjóðanna sem kann að verða sent þangað.

Þetta er fyrsta orðsendingin sem frá bin Laden kemur í þrjá mánuði. Með henni virtist hann ætla að réttlæta hugsanlegar árásur á óbreytta borgara, en fyrir slíkar hryðjuverkaárásir hefur hann og al-Kaída-samtökin verið gagnrýnd jafnvel af arabum hliðhollum

málstað þeirra. Hann virtist í orðsendingunni einnig vera að reyna að stappa stálinu í araba til að snúa bókum saman með því að saka Vesturlönd um að reyna að ganga á milli bols og höfuðs á Hamas-samtökum herskárna Palestínnumanna sem nú halda um stjórntaumana á palestínsku sjálfstjórnarsvæðunum. Þau hafa enn á stefnuskránni að útmá Ísraelsríki.

Með vísan til þess að Bandaríkin og Evrópusambandið hafa ákveðið að frysta allan fjárstuðning við Hamas-stjórnina sagði bin Laden að Vesturlönd væru að heyja „sionískt krossfarastríð“ á hendur íslam.

Ekki er vitað til þess að nein bein tengsl séu á milli al-Kaída og Hamas, en Hamas er upprunalega

sprottin út af Bræðralagi múslima, sem er áhrifamikil stjórnmalahreyfing með deildir í flestum arabalöndum. Sami Abu Zuhri, einn talsmanna Hamas, var líka fljótur til að lýsa því yfir opinberlega að „hugmyndafræði Hamas“ væri „gerólík hugmyndafræði sjeik bin Ladens“.

Al-Jazeera-stöðin virtist hafa haft upptökuna nægilega lengi undir höndum til að velja úr henni það sem henni þótti bitastæðast til birtingar. Þulurinn las skýringar með bakgrunnsupplýsingum inn á milli valinna brota úr upptökunni sem spiluð var í útsendingu stöðvarinnar í gær.

Talið er að bin Laden leynist enn í fjöllum á landamærum Afganistans og Pakistans.

audunn@frettabladid.is

Ráðherrafundur IMF og Alþjóðabankans:

Barátta gegn spillingu í fyrirrúmi

WASHINGTON, AP Fjármálaráðherrar ríkjanna sem bera hitann og þungann af fjármögnun Alþjóðagjaldveyrissjóðsins og Alþjóðabankans samþykktu í gær tillögur sem hafa það að markmiði að gera alþjóðlegum lánastofnunum auðveldara um vik að bregðast við stórhækkun olíuverði, óvæntum skakkaðum í viðskiptum milli landa og öðrum vandamálum sem ógna hagvexti í heiminum.

Stefnumótunarnefndir Alþjóðagjaldveyrissjóðsins, IMF, og Alþjóðabankans sem 184 þjóðir eiga aðild að sögðu stjórnendum beggja stofnana að gera gangskör að því að uppræta spillingu og, að því er IMF varðar, gefa stjórn-

völdum aðildarríkja sjóðsins strangari ráðgjöf en hingað til.

Ágreiningur var allgreinilegur á fundum ráðherranna í Washington um helgina. Bar mest á því að ráðherrar sumra Evrópuríkja töldu að Paul Wolfowitz, forseti Alþjóðabankans, legði ofuráherslu á baráttu gegn spillingu á kostnað baráttunnar fyrir því að draga úr fátækt í heiminum. Wolfowitz, sem áður var aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna, tók við stjórn Alþjóðabankans um mitt ár í fyrra.

WOLFOWITZ SÁTTUR Samþykktir ráðherrafundarins enduðu í takt við áherslur Alþjóðabankaforsætans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



DEBENHAMS

vorútsala
í ellefu daga

50% afsláttur
af völdum vörum

AUK ÞESS 24. – 26. APRÍL

20%



afsláttur af brjóstahöldurum

DEBENHAMS

SMÁRALIND

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TERRACAN

Terracan DELUXE

- 2900 cc. Turbo Dísel 163 hö.
- Sjálfskiptur
- 32" Arctic Trucks jeppabreyting
- TSC spólvörn
- Sítegt aldrif með læsingu
- ABS með EBD hemlajöfnun
- Tölvustýrð miðstöð
- Samlitun
- Leðuráklæði
- Hiti í sætum
- Topplúga
- Dökkar afturrúður



Vertu í sambandi við náttúruna

TERRACAN í ARCTIC TRUCKS útgáfu hlaðinn staðalbúnaði

Kr. 44.925 á mánuði*



 **HYUNDAI** hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

* Eftirsamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.



VEISTU SVARIÐ?

1 Skoðanakönnun Fréttablaðsins bendir til jafnar baráttu um borgarfulltrúasæti milli annars manns á lista vinstri grænna og efsta manns á lista Framsóknar. Hver er í öðru sæti á lista VG?

2 Eður Smári hefur ekki getað leikið undanfarna leiki með Chelsea vegna veikinda. Hvað sjúkdómur hrjár kappann?

3 Íraksþing hefur samþykkt að veita lítt þekktum stjórnmálamanni umboð til að mynda ríkisstjórn. Hvað heitir væntanlegur forsætisráðherra Íraks?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Mannskæð átök blossuðu upp í Suður-Afganistan:

Felldu fjóra Kanadamenn

AFGANISTAN, AP Mannskæð átök blossuðu upp í Afganistan um helgina. Fjórir kanadískir hermenn létu lífið er sprengja sprakk í vegkanti þar sem þeir óku um í Suður-Afganistan á laugardag. Í gær umkringdu her- og lögreglumenn hóp skæruliða talibana sem voru í felum í bæ í Ghazni-sýslu í Suður-Afganistan. Að minnsta kosti þrjár skæruliðar og einn lögreglumadur féllu í skotbardaganum.

Talsmenn NATO-herliðsins í Afganistan sögðu skæruliða talibana bera ábyrgð á árásinni á laugardag, sem var gerð í bænum Gomboth, um 40 km norður af Kandahar. Hamid Karzai, forseti Afganistans, sakaði

aftur á móti „útlendinga“ um að kynda undir uppreisninni í landinu.

Þetta er mesta mannfali sem kanadískir hermenn hafa orðið fyrir í Afganistan frá því hann hóf þátttöku í friðargæslu þar árið 2002. Minnst sextán Kanadamenn hafa látið lífið í Afganistan á þessu tímabili.

Skæruliðar talibana hafa látið þau boð út berast að þeir muni herða á árásuna á erlenda hermenn og afganska stjórnarhermenn í vor og sumar. - aa

KENNIR ÚTLENDINGUM UM Hamid Karzai forseti Afganistans í Qalay-Naw í Vestur-Afganistan, þar sem friðvanlegri er en í suðurhlutanum þar sem árásir á kanadisku hermennina var gerð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Fíkniefnamál í Danmörku:

Heróín falið í antík-sverðum

DANMÖRK Fíkniefnadeild lögreglunnar í Kaupmannahöfn fann nýverið 800 grömm af sterku heróín falið í 25 antíksverðum.

Vitað er um tvær manneskjur sem látist hafa af völdum efnisins og telur lögreglan að fleiri sverð séu í umferð, að því er fram kemur á fréttavef Politiken.

Lögreglan komst á sporið eftir að hafa fundið mann og konu látin vegna ofneyslu heróíns á hótelherbergi í febrúar. Eftir vísendingu fann lögregla sverðin í pappakassa heima hjá manningu á Norðurbú.

Sverð þessi eru frá Pakistan og eru yfirleitt notuð sem veggja-skraut. - sdg

Nýjung fyrir bíógesti í Tókýó:

Lyktarskynið virkjað í bíó

JAPAN, AP Tvö bíóhús í Japan bjóða nú bíógestum upp á að leikið sé á fleiri skilningarvit en sjón og heyrni; lyktarskynið er virkjað með nýrri tækni í takt við það sem er að gerast á hvíta tjaldinu hverju sinni.

Sjö mismunandi lyktargjafir undir sætum bíógesta kalla fram lykt sem þykir hæfa hverju atriði. Sæt blómaangan fylgir ástarsenu en beisk piparmyntu- og steinseljulykt í dapurlegu atriði, svo dæmi séu nefnd.

Forrit fyrir réttu lyktarblönduna með hverri bíómynd er sótt á vef fyrirtekisins sem að nýju bíolyktartækni stendur. Ýmsar fyrri tilraunir til markaðssetningar slíkrar tækni hafa mistekist. Sumir kunna að muna eftir „Scent-o-rama“-sýningum í bíóhúsi sem til skamms tíma var rekið á Smíðjuveginum í Kópavogi. - aa



KRÍAN Þórir Snorrason sá sex kríur á flugi í Hornafirði í gærmorgun.

Farfuglum fjölgar:

Krían komin

FUGLALÍF Krían er komin til landsins en í gærmorgun sá Þórir Snorrason, fuglaáhugamaður á Höfn, sex kríur við Óslandið í Hornafirði. Brynjúlfur Brynjólfsson, starfsmaður Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands á Höfn, segir óstaðfestar fregnir herma að þrjár kríur hafi sést í Hornafirði á föstudaginn eða sama mánaðardag og fyrsta krían sást í fyrra. „Krían er því á eðlilegu róli og eins og oftast verður hennar fyrst vart á Höfn,“ segir Brynjúlfur. - kk

Prodi heitir stöðugri stjórn út kjörtímabilið

Romano Prodi reyndi í gær að slá á efasemdaraddir eftir mjög nauman sigur miðju-vinstriflokkabandalagsins og hét því að mynda ríkisstjórn sem sitja myndi allt kjörtímabilið. Brestir virðast þó strax komnir í samstöðuna í liði hans.

ÍTALÍA, AP Í kjölfar þess að staðfest úrslit kosninga til beggja deilda ítalska þingsins lágu loks fyrir um helgina hét Romano Prodi, forsætisráðherraefni miðju- og vinstriflokkabandalagsins á Ítalíu, því í gær að mynda ríkisstjórn sem halda myndi um stjórntaumana allt kjörtímabilið. Brestir virtust þó strax vera komnir í fjölflokkabandalagið; leiðtogi eins smáflokksins innan þess lýsti því yfir í gær að flokkurinn myndi standa utan hinnar væntanlegu samsteypustjórnar.

„Við munum standa sameinaðir og við munum standa þannig í fimm ár,“ tjáði Prodi fréttamönnum fyrir utan heimili sitt í Bologna í gær. Óstöðugleiki hefur hins vegar einkennt ríkisstjórnir Ítalíu síðustu áratugina – að frátalinni fráfarandi hægristjórn Silivos Berlusconi sem er sú eina sem setið hefur heilt kjörtímabil frá því lýðræði var endurreist í landinu eftir síðari heimsstyrjöld.

Á laugardag staðfesti áfrýjunardómstóll í Róm niðurstöðu talningar atkvæða til öldungadeildar þingsins, en samkvæmt henni hefur vinstriflokkabandalagið 158 af 315 fulltrúum í öldungadeildinni. Fáeinum dögum áður höfðu úrslit kosninganna til neðri deildarinnar verið staðfest, en Prodi-bandalagið vann þar mjög nauman sigur. Berlusconi hefur reyndar ekki viljað jata sig formlega sigraðan með því að hringja í Prodi. Hið nýja kosningakerfi gefur sigurvegarinum þó ýktan meirihluta þingsæta svo að þingstyrkurinn að baki hinni væntanlegu ríkis-



HEIMA Í BOLOGNA Verðandi forsætisráðherrann Romano Prodi ásamt eiginkonu sinni Flavíu við heimili þeirra í Bologna í gær. Prodi vísaði á bug efasemdum um að honum muni takast að halda uppi aga í væntanlegri samsteypustjórn miðju- og vinstriflokka.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

stjórn er traustari en hin tvísýnu úrslit gefa annars tilefni til að ætla.

Engu að síður er talið að Prodi muni eiga erfitt með að halda liði sínu saman, enda er það býsna sundurleitt – þar eru leifar af gamla Kristilega demókrataflokknum innan um græningja og fyrrverandi og „óendurhæfða“ kommúnista.

Clemente Mastille, sem fer

fyrir smáflokki kristilegra demókrata, sagði í blaðaviðtali sem birt var í gær að hann myndi aðeins veita væntanlegri ríkisstjórn „stuðning utan frá“ enda ætti hann „engja samleið“ með henni. Spurður um lífslíkur samsteypustjórnar Prodis sagði Mastilla að mikið þyrfti til að halda öllum stjórnarliðum sáttum; annars „kemur endirinn áður en af stað er farið“.

audunn@frettabladid.is



**KYNNINGARFUNDUR
UM FJARNÁM
Í TÖLVUNARFRÆÐI
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK
25. apríl kl. 17:00**

Í Háskólanum í Reykjavík er boðið upp á spennandi fjarnám í tölvunarfræði. Áhugaverður kostur fyrir fólk hvar sem er á landinu.

Almennur kynningarfundur verður haldinn í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, þriðjudaginn 25. apríl kl. 17:00.

Nánari upplýsingar veitir:
Ásrún Matthíasdóttir
verkefnisstjóri
asrun@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

Vilja að á Akureyri verði miðstöð þjónustu fyrir álver Alcoa í Reyðarfirði:

Akureyringar vilja álstörf

STÓRIÐJA Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar (AFE) vill að miðstöð þjónustu fyrir álver Alcoa í Reyðarfirði og við Húsavík, reisi Alcoa álver þar, verði byggð upp með skipulögðum hætti á Akureyri. Félagið hyggst stuðla að samvinnu fyrirtækja í bænum en eftir miklu er að seilast. Verði af framkvæmdum við Húsavík er hugsanlegt að til verði um fjögurhundruð ný störf á Akureyri.

Hugmyndin hefur verið kynnt stjórnendum Alcoa sem tekið hafa henni vel. Stefna Alcoa er að bjóða út stóran hluta þeirra þjónustustarfa sem til falla vegna álframleiðslunnar og segir Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, mjög jákvætt ef fyrirtæki á Akureyri geti tekið að sér þjónustuna.

Í samnburðarskýrslu sem unnin var í tengslum við staðarvalsathuganir vegna álvers á



TÓMAS MÁR SIGURÐSSON

MAGNÚS ÞÓR ÁSGEIRSSON

Norðurlandi kemur fram að álver við Húsavík muni skapa allt að 200 ný störf á Norðurlandi, utan Húsavíkur. Er þar einkum um að ræða sérhæfð störf sem flest myndu falla starfandi fyrirtækjum á Akureyri í skaut. Skýrsluhöfundar gera jafnframt ráð fyrir að álver við Húsavík muni skapa 300 til 450 störf utan Norðurlands; væntanlega á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar vill að hluti þeirra starfa verði til á Akureyri og segir Valur Knútsson, stjórnar-

formaður AFE, að félagið muni aðstoða fyrirtæki á Akureyri til að svo verði.

Alls verða um eitt þúsund afleidd störf í pottinum, ef af byggingu beggja álvera á Akureyri, og segir Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri AFE, að allt að fjögurhundruð ný störf gætu orðið til á Akureyri. „Á næstu vikum munum við kanna hvernig fyrirtæki í þekkingariðnaði á Akureyri eru í stakk búin til að þjónusta álver Alcoa fyrir austan. Það er ljóst að Alcoa mun gera margvíslegar kröfur er lúta að gæðum þjónustunnar og við viljum tryggja að okkar fólk standist þær kröfur. Fyrirtæki á Akureyri geta náð fram mikilli samlegð með því að þjónusta bæði álverin og eins er hugsanlegt að þau geti unnið saman að einhverju leyti,“ segir Magnús.

kk@frettabladid.is

Sumartillboð



ViewSonic®

- VIEWSONIC 32" LCD SJÓNVARP HD**
- 32" HD 16:9 LCD Sjónvarp
 - Upplausn: 1366x768 punktar
 - Progressive Scan
 - HD Ready
 - Skerpa: 800:1
 - Svartími: 8ms

HD ready

HD Ready

Fullkominn HD stuðningur. 1366x768 pixla upplausn gefur þér skýrstu myndina. Vertu tilbúinn fyrir High Definition myndefni.

Mynd í mynd!

Ekki missa af neinu, þú getur horft á tvær sjónvarpsstöðvar í einu, haft sem horomynd eða skipt stöðvunum jafnt á skjáinn.

12.999**
 Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
155.988

Rugl verð

Ferðageisli

DISNEY
 MD80300
 DISNEY DISCMAN PRINCESS
4.999

Vasaútlarp

DISNEY
 MD2773
 DISNEY VASAÚTLARPSTÆKI
3.999

Ferðataeki

DISNEY
 MD2772PRINCESS
 DISNEY FERÐATÆKI M/C/D
8.999

Sjónvarp

DISNEY
 MD3722PRINCESS
 DISNEY SJÓNVARP PRINCESS
24.999

Fyrir prinsessuna þína!

MEDION®

6114IS

MEDION V8 P920

- Intel Pentium 920 - Dual Core
- MS7187 (i945P 800 - 1066 FSB)
- nVidia GeForce 6800GS 256MB DVI
- 1024 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
- 250 GB 7200 rpm SATA 8 MB Cache
- DVD drif 16x
- DVD Skrifari 16X
- IEEE1394/Firewire - DV Ready
- WiFi / Þráðlaust netkort - 54MPbs
- Medion Media Bay
- Lyklaborð og mús
- Microsoft Windows XP Home Edition



Windows Vista
 CERTIFIED

DV Ready
 Firewire tengi fyrir videóvélur og annan háhraðabúnað. Notaðu tölvuna sem klippistúdíó

64 bita örgjörvi
 Með nýjustu Intel EM64T tækninni geturðu keyrt 64 bita forrit og leiki framtíðarinnar á mun meiri hraða.

Ótrúlegir kaupaukar!

5.139*

BT

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

FYLGIR 14.999

5.139* Tölvukauplán 48 mån.

14.999** Vaxtalaust 12 mån.

179.988 Staðgreitt

FYLGIR 3.999

970114-0914
 LOGITECH X-530
 5.1 hátalarasett frá Logitech
 70 RMS vött - Subwoofer 25 RMS vött

Logitech

*Meðlínnaágreiðsla á 48 mánaða tölvukaupláni V.I.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum.

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa og Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og drefrist jafnt yfir samningstímann.

Opið til 22 öll kvöld í BT Skeifunni



AUSTURKIRKJUPÁSKAR Bosníu-serbneskar stúlkur brjóta máluð egg eins og síður er um páskana í Austurkirkjunni í bænum Baja Luka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samfylkingin tímasetur gjaldfrjálsan leikskóla:

Sjö frítímar 2008

STJÓRNMÁL Frambjóðendur Samfylkingarinnar til borgarstjórnar kynntu tímasetningar á lækkun leikskólagjalda á blaðamannafundi í gær. Samkvæmt áætlun Reykjavíkurborgar lýkur lækkuninni haustið 2008 en þá munu öll leikskólabörn í Reykjavík njóta sjö stunda gjaldfrjáls leikskóla.

Markviss lækkun leikskólagjalda hófst haustið 2004 þegar fimm ára börn fóru að njóta þriggja gjaldfrjálsra stunda á dag og um síðustu áramót var gjaldskráin lækkuð sem nemur tveimur stundum hjá öllum börnum. Áætlað er að gjöldin lækki næst haustið 2007, þá um tvær klukkustundir hjá öllum

börnum, og síðast haustið 2008, um þrjár stundir hjá öllum börnum öðrum en þeim fimm ára gömlu. Athygli var þó vakin á því á fundinum að um hlutfallsgreiðslur væri að ræða og því væri ekki hægt að panta leikskólapláss fyrir fimm ára barn sitt í fimm klukkustundir á dag og greiða ekkert fyrir.

„Foreldrar leikskólabarna eru sá hópur sem er hvað mest hugsi þessa dagana vegna þeirra blikna sem eru á lofti í efnahagsmálum. Þetta eru oft skuldsettustu fjölskyldurnar sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið og hafa mest útgjöld. Þegar þessu verki okkar lýkur haustið 2008 munu kjarabæt-



Á FUNDINUM Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Dagur B. Eggertsson og Stefán Jón Hafstein á blaðamannafundinum í gær.

ur foreldra allra leikskólabarna samsvara 50 þúsund króna kaupauka á mánuði á hvert barn,“ sagði Dagur B. Eggertsson, borgarstjóraefni Samfylkingarinnar, á fundinum.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðismanna, segir rangnefni að tala um gjaldfrjálsan leikskóla, þar sem áttundi og níundi tíminn væru nýttir af mörgum og áfram yrði borgað fyrir þá. -sh

NOREGUR

Lögregla skaut byssumann

Norskir lögreglumenn skutu á laugardag til bana mann sem braust inn hjá aldraðri konu rétt vestan við Ósló og hóf skothríð úr hlaupsagaðri haglabyssu er lögregla nálgadist. Lögreglan var kvödd á vettvang vegna skothríðar í bænum Bærum og maðurinn var umkringdur á flotta þaðan.

SUÐUR-KÓREA

Eyjadeila sett til hliðar Japanar hafa fallist á að hætta við könnunarleiðangur á hafsvæði í kringum smáeyjar í Japanshaf sem bæði Japan og Suður-Kórea gera tilkall til, eftir spennuþrungnar sáttvindræður í Seúl síðustu daga.

SVÍPJÓÐ

W tekið inn í sænsku Sænska akademían hefur ákveðið að helga bókstafnum W eigin kaffa í nýjstu útgáfu sænsku orðabókarinnar sem akademían gefur út. Þar með stækkar sænska stafrófið úr 28 stöfum í 29. Fram til þessa höfðu orð sem byrjuðu á W – sem öll eru tökuorð úr öðrum tungum – verið skráð undir V-kafli í orðabókinni.



MÍÐSKÓLINN Í NORTH POLE Sex drengir í sjöunda bekk eru sagðir hafa ætlað að myrða skólafélaga og kennara. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skólaláttar handteknir í smábæ í Alaska:

Skipulögðu morð

BANDARÍKIN, AP Lögregla handtók á laugardag sex skóladrengi í smábæ í Alaska, sem lagt höfðu á ráðin um að slá út rafmagni og símasambandi við skólann svo þeir gætu drepit skólafélaga og kennara sem þeir töldu sig eiga eitthvað sökott við, og komist síðan undan á flotta.

Drengirnir búa í smábænum North Pole um 20 km suðaustur af Fairbanks, en þeir voru hand-

teknir eftir að orðrómur komst á kreik um áform þeirra og vopna-söfnun.

Þetta var í annað sinn á einni viku sem komið var í veg fyrir meint áformað skólafjöldamorð í stíl við þau sem framin voru í Columbine-miðskólanum í Colorado fyrir sjö árum. Fimm táníngar í miðskóla í Kansas voru handteknir á fimmtudag, grunaðir um slík áform. -aa

Ódýrari en ekki ókeypiss leikskóla

Sjálfstæðismenn vilja lækka leikskólagjöld í Reykjavík um 25 prósent í september nái þeir völdum.

STJÓRNMÁL Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins til borgarstjórnar kynntu fjölskyldustefnu sína á blaðamannafundi á leikskólanum Hamraborg í gær. Á fundinum kynnti Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson niðurstöður úr viðhorfskönnun IMG Gallup þar sem fram kemur að mikill meirihluti borgarbúa vilji fleiri tækifæri til samverustunda með fjölskyldu sinni.

„Betri þjónusta, léttari byrðar, minna skul og fleiri gæðastundir er það sem stefna Sjálfstæðisflokksins skilar reykviskum fjölskyldum,“ sagði Vilhjálmur á fundinum. Hann sagði markmið stefnu flokksins vera að auka val, gæði og árangur í allri þjónustu Reykjavíkurborgar og fjölga tækifærum fjölskyldna til samverustunda.

Fjölskyldustefnan skiptist í fjóra meginþætti sem lúta að leikskólamálu, skólamálu, íþróttatömg og tómstundastarfi og borgarumhverfi.

Meðal þess sem fram kemur í stefnuskránni er að Sjálfstæðisflokkurinn hyggst lækka leikskólagjöld í öllum borgarreknum leikskólum um 25 prósent 1. september 2006. „Við viljum fara þá leið að lækka gjöldin alla tímana, líka þeim áttunda og níunda, ólíkt Samfylkingunni sem ætlar bara að afnema gjöld af fyrstu sjö tím-

unum,“ segir Vilhjálmur. Einnig vilja sjálfstæðismenn tryggja það að foreldrar greiði aðeins leikskólagjald fyrir eitt barna sinna í einu. Þannig telur Vilhjálmur að best sé komið til móts við barnafjölskyldur.

Vilhjálmur segir einnig að mikilvægt sé að útrýma biðlistum eftir leikskólaplássum og bæta innra starf þeirra. Það kosti fé sem hann telur betur varið þannig en í hreint afnám leikskólagjalda.

Annað sem fram kemur í stefnuskránni er að flokkurinn hyggst skapa foreldrum val um vistun fyrir ung börn frá lokum fæðingarorlofs þar til þau hafa kost á almennu leikskólaplássi. Þetta verði gert með sérstökum smábarnadeildum í leikskólum í hverju hverfi. Einnig vill flokkurinn starfa með íþróttatömg og æskulýðsfélögum við lækkun þátttökugjalda, efla hverfalöggæslu og forvarnir í skólum og minnka miðstýringu í skólakerfinu.

Í könnuninni sem Gallup gerði fyrir flokkinn kemur fram að 94 prósent borgarbúa telja mikilvægt að fá fleiri tækifæri til samverustunda með fjölskyldunni. Þetta segir Vilhjálmur ekki koma á óvart en gefi flokknum tækifæri til að verða við óskum borgarbúa. -sh

MEIRI ÁRANGUR MÖGNUÐ ÁSKORUN

AÐALFUNDUR
SAMTAKA ATVINNULÍFSINS
25. APRÍL 2006
HÓTEL NORDICA



Kl. 14:00
Kl. 14:30
Kl. 15:00

Venjuleg aðalfundarstörf
Móttaka gesta í opna dagskrá - kaffiveitingar
OPIN DAGSKRÁ

„MEIRI ÁRANGUR – MÖGNUÐ ÁSKORUN“

Ræða Ingimundar Sigurpálssonar, formanns Samtaka atvinnulífsins

Ræða Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra

Globalisation: Challenges and Opportunities
Quentin Peel, International Affairs Editor, Financial Times

Umræður

Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda
Grimur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins
Guðbjörg Gissurardóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarvettvangs
Sigríður Olgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss

Kl. 16:30

Fundarlok

Fundarstjóri: Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans

English translation



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



MEÐAL BARNANNA Frambjóðendurnir á Hamraborg í gær. Á myndinni eru Gísli Marteinn Baldursson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Láttu þér liða vel í bústaðnum



Í tilefni sumarhúsasýningarinnar býður Betra Bak ótrúleg tilboð á heilsudýnum, rúmum, svefnsófum og svefnkollum.



Spring Air, Tempur eða Chiro heilsudýnur með leðurklæddum botni í brúnu eða hvítu. Til í öllum stærðum.



Recor svefnsófar með heilsudýnu. Til í mörgum stærðum og litum. Hollandia svefnkollar með heilsudýnu í 80x80x190 og 120x80x190 í mörgum litum.



Leggðu grunn að góðum degi



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

„ORÐRÉTT“

Tali nú hver fyrir sig

„Það ætti að vera einstaklega ánægjulegt fyrir Reykavíkings ef við, með okkar litla fjármagn, fáum meira fylgi en Framsóknarflokkurinn sem veit ekki aura sinna tal.“

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON FRJÁLSLYNDUR UM SKOÐANAKÖNNUN Á FYLGI FLOKKANNA. FRÉTTABLAÐIÐ.

Stórkostlegt vandamál

„Hvern sviður ekki undan spurningu erlends ferðafólks er það horfir á Alþingishúsið og spyr: Eruð þið ennþá nýlenda undir stjórn Dana?“

VIÐAR HÖRGDAL GUNNARSSON TÓNLISTARMAÐUR Í GREIN UM ÍSLANDSSÖGU. FRÉTTABLAÐIÐ.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SÓLRÚN HAUKSDÓTTIR BÓNDI Í JÖKULDAL

Nútímastressið kominn í Jökuldalinn

„Það er bara rok í Jökuldalnum en bjart yfir,“ segir Sólrún Hauksdóttir bóndi frá Merki. „Ég er nú í afleysingavinnu í eldhúsi og sem kamar-meistari hjá Héraðsverki, alveg dásamleg vinna. Þeir eru að vinna í fráveituskurðinum þar sem Jökla kemur út eftir að búið er að nýta úr henni aflið. Við erum tvær í eldhúsinu en þetta eru ansi margir munnar að metta, þeir geta verið allt frá 15 svona um helgidaga til sextu þegar mest er. Þetta eru allt finir karlar og stundum húa þeir í mig í hádeginu ef þá vantar mann í brids. Það gengur þó misvel hjá mér við spilamennskuna því minnið er gjarnt á að svikja mig þegar á reynir.“

Jökuldælingar hafa það orð á sér að bera annað skynbragð á tímann en aðrir landsmenn og eiga menn þar að gefa sér frekari tíma til skrafs og annarra hluta en venja er þar sem stressið hafi ekki hafid innreið sína í dalinn. Sólrún segir



þetta vera að breytast. „Nú fer maður miklu minna á milli bæja enda tekur aðeins örskotstund að fara til Egilsstaða og oft þeystir maður þangað til að ná í vistir og sinna erindum. Fólk er hér því mikið á þeytingi og hefur ekki jafn mikinn tíma til skrafs og áður svo það er engu líkara en nútímastressið sé komið hingað í Jökuldalinn.“

Ekki verður mikill tími aflögu hjá Sólrúnu á næstunni þar sem sauðburður er á næsta leiti. Sólrún er með tæpar 500 ær og því verður unnið á vöktum allan sólarhringinn á meðan annir eru sem mestar. „Sem betur fer eru sonur minn og dóttir að koma úr skólavistum sínum en einnig fáum við hjálp frá mágkonu minni sem býr hér á næsta bæ. Þar að auki berst okkur liðsauki að sunnan því ungur drengur ætlar að vera herna hjá okkur,“ segir Sólrún og heldur svo út í nútímaysinn sem er nýkominn í dalinn.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

TÍSKUKLÆDNAÐUR OG SKARTGRÍPIR FYRIR HUNDA



SIGRÍÐUR HEIÐBERG KATTAVINUR

Sumt er bull

„Ég hefði nú aldrei gert neitt svona,“ segir Sigríður Heiðberg kattavinur um þá bylgju sem gengur yfir heimabyggðina og lýtur að tískuklænaði, skartgripum og jafnvel sólgleraugum fyrir hunda. Sigríður telur þó sniðugt og raunar mjög snjallt að smáhundar klæðist peysum í mestu kuldaköstunum. „Þessir litlu hundar eru kulvísir og það er gott að skýla þeim. En allt sem fer út í öfgar er bölvuð vitleysa.“ Hún segist þó aldrei geta samþykkt að sólgleraugu og skartgripir séu sett á hunda. „Það er bara bull og ég er alveg á móti því,“ segir hún og hafnar því algjörlega að sjá eitthvað í þessa áttina búið til fyrir ketti.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Í RÓLEGHEITUM Strákarnir eru duglegir við að leika sér saman en stundum er gott að slappa bara af uppi í rúmi.

Fæddust daginn sem Fréttablaðið kom fyrst út

Þríburarnir Kári, Logi og Máni Meyer urðu fimm ára í gær. Þeir fæddust sama dag og fyrsta eintak Fréttablaðsins kom út og daginn eftir birtist viðtal við foreldra þeirra í blaðinu.

Í tilefni dagsins héldu strákarnir veislu og buðu fullt af gestum. „Það komu einn, tveir, þrír, fjórir, fimm...“ byrjar Máni og telur á fingrum sér en hann kemst ekki hærra því Kári grípur fram í fyrir

honum og segir tíu hátt og snjallt. Í afmælisveislunni var kaka og þríburarnir segja að mamma þeirra hafi séð um baksturinn. „Mamma er alltaf að baka kökur og pítsur,“ segir Máni.

Þríburarnir eru allir í leikskólunum Ásborg en hver á sinni deild. „Mín deild heitir Langholt,“ segir Kári. „Mín heitir Langisandur,“ segir Logi. „Og mín heitir Ás,“ segir Máni. Þegar strákarnir eru ekki í leikskólanum er ýmislegt sem þeir gera sér til skemmtunar. Logi segir að sér finnst skemmtilegast að leika, Máni finnst skemmtilegast

að klæða sig í búninga og Kára finnst skemmtilegast að vera úti. Strákarnir vita alveg hvað þeir ætla að gera þegar þeir verða stórir. „Ég ætla að verða kafari,“ segir Logi. „Ég ætla að verða mótörhjólakall,“ segir Máni. „Ég ætla að vera Batman,“ segir Kári og stekkur niður af sófabakinu um leið, nákvæmlega eins og Batman hefði gert.

Þríburarnir eiga búningasafn sem þeir leika sér mikið með. „Ég var Aladdín á öskudaginn,“ segir Máni. „Ég var Ninja,“ segir Kári þá. „Ég var Súperman,“ bætir Logi

við. Strákarnir segjast eiga marga búninga. „Einn, tveir, þrír, fjórir,“ byrjar Máni aftur að telja á fingrum sér en eins og áður grípur Kári fram í fyrir honum. „Tíu,“ segir hann akveðið og á meðan sækir Logi alla búningana.

Eftir að búningarnir hafa verið sóttir hafa strákarnir hins vegar lítinn tíma til þess að tala við blaðamann því þeir eru alltof uppteknir við að klæða sig í þá. Samtalið getur því ekki orðið lengra að þessu sinni en lesendur fá að fylgjast áfram með þessum hressu strákum á komandi árum.

Skipta hópnum stundum upp

Sif Svavarsdóttir og Halldór Gerhard Meyer eru foreldrar þríburanna Kára, Loga og Mána.

Sif og Halldór segja að þó að þríburarnir séu mjög líkir í útliti þá séu persónuleikar þeirra mjög ólíkir. „Þeir eru misjafnlega fjörugir,“ segir Halldór og hlær og Sif bætir því við að þau þurfi að nota ólíkar uppeldisaðferðir á hvern og einn.

Logi fæddist fyrstur og síðan Kári, en þeir tveir eru eineggja. Máni kom svo síðastur. „Logi er með mínútufofskot á hina og hann er svolítið stóri bróðirinn og finnur sig í því hlutverki,“ segir Sif.

Þríburarnir eru mjög samrýmdir og eiga auðvelt með að leika sér saman. „Þeir geta leikið sér lengi vel án þess að nokkur þurfi að skerast í leikinn,“ segir Halldór. Foreldrarnir reyna þó að skipta



EIN STÓR FJÓLSKYLDA Sif og Halldór með strákana sína þrjá, þá Kára, Loga og Mána. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hópnum upp annað slagið. „Stundum fáum við pössun fyrir einn og skiptum hinum á milli okkar þannig að það sé bara einn á mann og fórum í sund eða gerum eitthvað skemmtilegt,“ segir Halldór.

Sif og Halldór hafa ekki hugsað sér að fara út í frekari barneignir. „Við ætlum bara að einbeita okkur að þessum þremur til þess að þeir fái alla þá athygli sem þeir þurfa,“ segir Halldór og hlær.

BFG Goodrich

35"

BFG All Terrain
35x12,5 R15

16.870,- stgr.

Gerid
verðsamanburð
margar stærðirNESDEKK
Seltjarnarnesi Sími: 661 4110

KT verslun Akureyri

Njarðarnesi S. 466 2111

Bilabúð
Benna

Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000



HUGSAD UM HEILSUNA Górrilluunginn Kimani, sem býr í dýragarðinum í Boston í Bandaríkjunum, vill halda línunum í lagi og borðar bara grænmeti. Hann er eins og hálfis árs og enn undir vermdarvæng móður sinnar Kíki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öræfajökull kannaður

Fimm verkefni sem lúta að viðtækum rannsóknum á Öræfajökli og áhrifum hans á landmótun, byggð og mannlíf í Öræfum hlutu styrki úr Kvískerjasjóði að þessu sinni. Sjóðnum er ætlað að stuðla að og styrkja rannsóknir á náttúrufari og menningarminjum í Austur-Skaftafellssýslu en hann var stofnaður til heiðurs systkininum á Kvískerjum.

Verkefnið sem um ræðir nefnast: Eldgos í Öræfajökli 1362, Landslag og jöklar í nágrenni Kvískerja við landnám, Úttekt á jarðminjum í Skaftafellsþjóðgarði, Jökulhlaup af völdum eldgosa í Öræfajökli og Rannsóknarholur vegna fornleifa í Öræfum.

Að auki voru tvö önnur verkefni styrkt og snúast þau annars vegar um athuganir á tófulífi í Öræfasveit og hins vegar skráningu fræðastarfs Kvískerjabræðra, rannsóknarmönnum framtíðarinnar til hagsbóta. Fjöldi fræðimanna kemur að verkefnum.

Í stjórn Kvískerjasjóðs eru Sigurlaug Gissurardóttir sem er formaður, Albert Eymundsson og Einar Sveinbjörnsson.

ÖRÆFAJÖKULL Fimm verkefni sem lúta að rannsóknum á jöklinum hlutu styrki úr Kvískerjasjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Á LEIÐ Í FERÐALAG Forsetahjónin heim-sækja Austur-Skaftafellinga á morgun.

Forsetahjónin í ferðalag: Heimsækja A-Skaftafellssýslu

Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff sækja Austur-Skaftafellinga heim í opinberri heimsókn á morgun og miðvikudag. Fyrri deginum verður að mestu varið á Höfn í Hornafirði þar sem skólar, fyrirtæki og stofnanir verða heimsótt en dagskránni þann daginn lýkur með fjölskylduhátíð í íþróttahúsinu.

Á miðvikudaginn verður meðal annars farið í Lón auk þess sem forsetinn ávarpar ráðstefnu um skapandi atvinnugreinar á Höfn. Á heimleiðinni verður komið við á bæjum og í skólum og heilsað upp á fólk. - bps



TILKYNNT UM VALIÐ Brynhildur Þórarinsdóttir tók við blómum úr höndum Sigrúnar Bjarkar Jakobsdóttur, formanns menningarmálanefndar, en Joris Rademaker var fjarverandi. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Bæjarlistamenn á Akureyri: Brynhildur og Joris valin

Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og Joris Rademaker myndlistarmaður hafa verið valin bæjarlistamenn á Akureyri. Tilkynt var um valið á vorkomu menningarmálanefndar bæjarins á sumardaginn fyrsta en viðurkenningunum fylgja starfslaun listamanna frá júní í ár til maí á næsta ári.

Brynhildur hefur hlotið verðlaun fyrir barnabækur sínar en á meðal verka hennar eru endursagnir Íslendingasagnanna fyrir börn. Joris er fæddur í Hollandi en hefur tekið virkan þátt í myndlistarlífinu á Akureyri frá því hann flutti til bæjarins árið 1991. - kk

Betra verð.....

<p>Blejur 9-18kg 50stk kr 598.-</p>	<p>Blejur 15-25kg 44stk kr 598.-</p>	<p>WC pappír 12rúllur kr 198.-</p>	<p>Blejur 4-9kg 56stk kr 598.-</p>	
<p>Blautklútar 80stk kr 129.-</p>	<p>Pvottaklútar 250stk kr 298.-</p>	<p>Eldhúsrúllur 4 stk kr 129.-</p>	<p>Vasaklútar 15 x 10stk kr 129.-</p>	
<p>Bómull 200g kr 98.-</p>	<p>Eyrnapinnar 200stk kr 59.-</p>	<p>Eyrnapinnar 500stk kr 98.-</p>	<p>Bómullarhnoðrar 100stk kr 59.-</p>	
		<p>Bómullarskifur 80stk kr 59.-</p>		

býður betur



TÍMI TIL AÐ LIFA

Reykvískar fjölskyldur eiga aðeins það besta skilið. Með það að leiðarljósi setur Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík fram metnaðarfullar og raunhæfar hugmyndir sem tryggja að hér verði hægt að búa til betri fjölskylduborg. Markmið stefnu Sjálfstæðisflokksins er að auka val, gæði og árangur í allri þjónustu Reykjavíkurborgar og fjölga tækifærum fjölskyldna til samverustunda - þannig að allir geti notið lífsins í Reykjavík.

Foreldrar hafi val um dagvistun fyrir börn sín frá því fæðingarorlofi lýkur · öll börn njóti sama stuðnings óháð vali á leikskóla · sérstakar smábarnadeildir í leikskólum í öllum hverfum · aukinn stuðningur við starfsemi dagforeldra · **25% lækkun leikskólagjalda 1. september 2006** · sveigjanleiki og val í þjónustu leikskóla · val um nám fyrir eldri leikskólabörn · átak í netvæðingu leikskóla · heilsuáttak í öllum leik- og grunnskólum · faglegt starf leikskóla eftt · **foreldrar greiði aldrei fyrir fleiri en eitt barn í leikskóla samtímis** · samfella í starfi leik- og grunnskóla · gæsluvellir opnaðir á ný · tímasett áætlun til að tryggja reykvískum börnum enn betri menntun · fjölbreytni aukin og miðstýring minnkuð · **forvarnir verða hluti af öllu skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar** · skólalóðir skipulagðar með hliðsjón af mikilvægi útivistar og hreyfingar · tölvukostur grunnskóla bættur · áhrif foreldra á skólastarf aukin · **foreldrar hafi aukið val um grunnskóla** · skólasamningar við alla skóla · átak í raunvísindakennslu · smiðjur til að kynna grunnskólanemum starfs- og iðnnám · **börn geti lokið tómsundastarfi í hverfinu innan hefðbundins vinnutíma** · börnum standi til boða akstur innan hverfis á skólatíma · samningar við íþróttafélög um lægri þátttökugjöld með stuðningi borgarinnar · **opnu og grænu svæðin í borginni fá nýtt líf** · listnám eftt og gert að hluta náms og tómsundastarfs barna · vísinda- og ævintýrasafn í borginni · smábarnaleiksvæði í öllum hverfum · öll hverfi tengd með góðum hjólreiða- og göngustígum · **fegrunar- og hreinsunaráttak** · íþrótt- og útivistarparadís í Nauthólsvík árið um kring · barnahátíð · bætt aðstaða til hreyfingar og útivistar · frír aðgangur í ákveðin söfn borgarinnar · hver borgarbúi fær sitt vefsvæði með upplýsingum frá borginni · **hverfalöggæsla efla** ·


AUKUM LÍFSGÆÐIN OG BÚUM TIL BETRI FJÖLSKYLDUBORGI

- betriborg.is



Svona erum við

>Mannfjöldi við þrjár götur í Reykjavík eftir kyni



Heimild: Hagstofa Íslands

FBL-GREINING: LESBLINDA SNILLINGA

Edison, Bill Gates og Agataha Christie lesblind

Fjöldargir þjást af lesblindu. Hún þarf þó ekki að koma í veg fyrir að fólki vegni vel. Sjáum hér dæmi um innlenda og erlenda snillinga á sínu sviði.

Látir lesblindir snillingar

Thomas Alva Edison er sagður hafa verið lesblindur. Hann er meðal annars titlaður faðir ljósaperunnar og plötuspilarans, ásamt hundruðum annarra uppfinninga sem skipa honum sess sem einn mesti uppfinningamaður sögunnar. Alexander Graham Bell er einnig úr þeim hópi en hann fann upp símann. Bílaframleiðandinn Henry Ford er talinn meðal lesblindra en hann notaði fyrstur allra færband til að fjöldaframleiða bíla. Albert Einstein var talinn með ofurgreind og hann var óumdeilanda mikill frumkvöðull á sínu sviði og lesblindan afraði honum ekki. Isaac Newton var meðal áhrifamestu frumkvöðla sögunnar og

er þekktastur fyrir að uppgötva aðdráttarafi jarðar, en hann var einnig lesblindur.

Auðkýfingar nútímans

Hinn lesblindi Bill Gates er ótvírætt frumkvöðull í tölvutækni og það gerði hann að ríkasta manni í heimi. William Hewlett, stofnandi Hewlett-Packard tölvurísans er lesblindur sem og Steve Jobs, stofnandi Apple tölvurísans og maðurinn á bak við teiknimyndarísann Pixar, sem framleiddi Toy Story, Bug's Life og núna síðast Finding Nemo.

Lesblindir ofurleikarar

Tom Cruise er gott dæmi um lesblindan einstakling sem nær langt í leiklist, en það er einmitt grein sem margir lesblindir leita

í, þrátt fyrir að þurfa að lesa mikið í því starfi. Einnig má nefna Anthony Hopkins, sem frægastur er fyrir að leika fjöldamorðingjann Hannibal Lecter, og Will Smith sem er einn fárra sem hafa náð jafnmiklum frama í tónlist og leiklist að gleymdri Agóthu Christie, drottningu leynilög-reglusagnanna.

Lesblindir landsmenn

Á Íslandi má nefna forsetafrúna Dorrit Moussaieff, kvikmyndagerðarmennina Hrafn Gunnlaugsson og Friðrik Þór Friðriksson, sem báðir hafa verið gifurlega afkastamiklir og má segja að þeir hafi farið með lykilhutverk í að byggja upp íslenska kvikmyndagerð. Friðrik Þór er einn af örfáum Íslendingum sem tilnefndir hafa verið til óskarsverðlauna.

baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT & SVAR
SAMKEPPNI Í FLUGINU

Fleiri ferðast

Samkeppni á flugleiðum til og frá Íslandi hefur margfaldast með tilkomu Scandinavian Airlines og British Airways en fyrir voru íslensku flirtækni Icelandair og Iceland Express. Birgir Jónsson, forstjóri þess síðastnefnda, segir að svo virðist sem staðan sé að kakan hafi stækkað.



BIRGIR JÓNSSON
Forstjóri Iceland Express

Áhrif nýju félaganna?

Svo merkilegt sem það er hefur ferðamönnum til London fjölgað hjá okkur þrátt fyrir tilkomu British Airways. Á því hef ég engar sérstakar skýringar aðrir en að kakan hafi stækkað. Ferðamenn eru fleiri og það kemur á óvart.

Hvað breytist gagnvart neytendum?

Þeir verða varir við aukna og betri þjónustu. Það eru margir um hituna og gríðarlega mikilvægt að viðskiptavinir séu ánægðir því þá koma þeir aftur og fara ekki annað. Annað sem breytist er fjölbreytni í áfangastöðum og lægra verð. Við höfum verið að bjóða lág verð og næst bjóðum við upp á fleiri áfangastaði og betri almenna þjónustu í vélum okkar.

Verða frekari verðlækkanir?

Það tel ég ólíklegt. Miðað við reksturumhverfi flugfélaga nú í ljósi olíuverðsins og annarra hluta þá held ég að hægt sé að fullyrða að lægri gerist verði ekki.

Konungur Nepals lofar lýðræði

Gyanendra Nepalskonungur lofaði á föstudag að koma aftur á lýðræði í landinu, þar sem mótmæli gegn alvaldi konungs hafa farið stigvaxandi undanfarnar vikur og mánuði.

Spennan í Nepal hefur magnast gífurlega undanfarið, og hefur nú rúmur tugur manna farist í átökum milli uppreisnarmanna og hermanna Gyanendra konungs seinustu vikurnar. Gyanendra reyndi á föstudag að binda enda á mótmælin með því að lofa að fjölflokkalýðræði yrði aftur komið á í landinu sem allra fyrst. En skipuleggjendur mótmælanna voru ósáttir við orð hans, og sögðu loforðið innantómt.

Forsaga mótmælanna

Óeirðirnar má rekja til óánægju Nepala með konung sinn, en hann hefur síður en svo átt sjö dagana sæla síðan hann tók við krúnunni. Gyanendra var krýndur í júní 2001, eftir mikinn fjölskylduharmleik þegar Dipendra krónprins, drottning og á lyfjum, skaut foreldra sína, Birendra konung og Aishwarya drottningu, og sjö aðra fjölskyldumeðlimi til bana, og svipti sig svo lífi. Stjórnmal landsins voru í miklu uppnámi þegar Gyanendra konungur komst til valda eftir lát Birendra bróður síns, en uppreisnar-



LÖGREGLAN BEITIR VALDI Herlögreglan þjamar að mótmælendum í fjöldamótmælum í Katmandú. Á föstudaginn hét konungurinn að endurreisa lýðræði í landinu.

menn maóista höfðu lengi háð blóðuga uppreisn gegn konungsvaldinu. Brást Gyanendra við með því að reka lýðræðislega kosna ríkisstjórn landsins í október 2002.

Ári síðar, þegar friðarumleitarnir fóru út um þúfur, lýsti hann yfir neyðarástandi í landinu og sendi hermenn eftir uppreisnarmönnum.

Næstu mánuðina útnefndi konungur hvern forsætisráðherra á fætur öðrum, allt þar til hann rak stjórnina eins og hún lagði sig og tók öll völd í sínar hendur í febrúar 2005. Hann lét loka sínum landsmanna, allt flug lá niðri og herlögregla ók um götur höfuðborgarinnar Katmandú. Hermenn stóðu vörð við heimili þingmannanna sem bólað hafði verið burtu og forsætisráðherraum var haldið í stofufangelsi.

Þetta var í fyrsta sinn sem konungur tók til sín öll völd í Nepal síðan árið 1991, þegar þáverandi konungur lét af algjöru einveldi sínu og Nepal kusu sér forsætisráðherra í fyrsta sinn. Opinberlega gaf Gyanendra þá ástæðu að Sher Bahadur Deuba forsætisráðherra og ríkisstjórnin hefðu ekki gert nóg til þess að binda enda á uppreisn maóista, en stjórnmalaskýringur töldu að konungurinn notfærði sér ástandið til að styrkja stöðu sína, hugsanlega í þeim tilgangi að skapa algjört einræði í landinu á nýjan leik.

Konungurinn neitaði þessum ásökunum harðlega og lofaði að lýðræði og frið yrði aftur komið á í landinu innan þriggja ára.

Stjórnir margra landa brugðust harkalega við valdatöku Gyanendra, og í refsingarskyni hættu Bretland, Indland og Bandaríkin að útvega nepalska hernum vopn.

Skipulögð mótmæli

Uppreisn maóista hófst árið 1996, og síðan hafa yfir 13.000 manns látið lífið í henni. Þrátt fyrir heit konungs um að stöðva uppreisnina, hefur ekkert lát orðið á átökunum. Í lok nóvember í fyrra, eftir valdatöku konungs, tóku sjö stærstu stjórnmalaflokkar landsins, þar með taldir maóistar, höndum saman og hófu skipuleg mótmæli til að heimta að lýðræði yrði aftur komið á í landinu.

Gyanendra lofaði almennum kosningum árið 2007, og í febrúar á þessu ári bóaði hann til sveitar-

stjórnarkosninga. Þær milduðu þó síður en svo reiði landsmanna, sem sögðu kosningarnar vera blekkingu eina sem ætlað var að friða fáfróðan almenning. Fáir mættu á kjörstað, en fjöldi manna flyktist hins vegar á mótmælafundi og síðan þá hafa óeirðirnar farið stigvaxandi. Á föstudag mættu um 150.000 manns á útfundum í Katmandú þótt útgöngubann ríkti í borginni og hafði konungur skipað hersveitum sínum að grípa til allra mögulegra ráðstafana til að stöðva fjöldafundina.

Um kvöldið birtist hann svo á sjónvarpsskjám landsmanna, lofaði að endurreisa lýðræði í landinu og bað leiðtoga helstu stjórnmalaflokkanna um að tilnefna nýjan forsætisráðherra sem allra fyrst. Tals-

menn stjórnmalaflokkanna voru samt sem áður ósáttir, því konungur varð ekki við kröfum þeirra um að skipa nefnd sem ætlað væri að endurskrifa stjórnarskrá landsins.

Um helgina héldu mótmæli gegn konungi áfram, þrátt fyrir útgöngubann. Mannfjöldinn reyndi að brjóta sér leið að höllu konungs í Katmandú á laugardag, hrópanði slagorð gegn konungi, en óeirðalögregla beitti óspart barsmiðum til að hindra kröfugönguna. Tugir manna særðust alvarlega, að sögn starfsmanna Rauða krossins.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSD.
smk@frettabladid.is

DV

Hefur þú séð DV í dag?

Bubbi Morthens

Byrjaður með Hrafnhildi fegurðardrottningu

Ástandið í Nepal alvarlegt

NEPAL
Íbúar: 26 milljónir
Bjóðartekjur á mann: 20.000 krónur

Gyanendra konungur:
Tók við krúnunni í júní 2001, eftir að Dipendra krónprins skaut bróður Gyanendra, Birendra konung (neðri mynd) og fjölskyldu hans til bana og beindi svo byssunni að sjálfum sér.

Uppreisnir
(des. 2005 - jan. 2006)

Uppreisnarmenn maóista:
Allt að 15.000 berjast fyrir sósíalísku lýðveldi. Yfir 13.000 manns hafa farist í átökum síðan 1996.

- 1. feb. 2005: Gyanendra konungur rekur ríkisstjórn sem leidd er af Sher Bahadur Deuba forsætisráðherra, lýsir yfir neyðarástandi, tekur sér öll völd og heitir því að berjast niður uppreisn maóistanna.
- 30. apríl: Konungur endar neyðarástandið.
- Júlí: Konungleg andspillingarnefnd dæmir Deuba í tveggja ára fangelsi fyrir siðspillingu – hann er leystur úr haldi í feb. 2006, eftir að nefndin er bönnuð.
- 3. sept.: Uppreisnarmenn maóista tilkynna einhliða vopnahlé.
- 22. nóv.: Helstu stjórnmalaflokkarnir og Maóistar heita samvinnu til að koma lýðræði aftur á og til að taka völd frá konungi.
- 2. jan., 2006: Uppreisnarmenn rífta vopnahléi.
- 1. feb.: Götumótmæli breiðast út um allt Nepal þegar árs er liðið frá valdatöku Gyanendra konungs.
- 8. feb.: Bæjarkosningar haldnar að skipun konungs til að sýna að lýðræði sé við lýði, en fáir kjósa og margir mótmæla.
- 14. mar.: Uppreisnarmenn loka götum í sex daga og stöðva birgðafleiði.
- 6. apr.: Almennt verkfall hefst, ofbeldisfull mótmæli breiðast út.
- 21. apr.: 150.000 manns mæta á fjölda-mótmælafund í Katmandú þrátt fyrir útgöngubann. Minnst fjórtán hafa farist í mótmælunum undanfarna daga. Konungur lofar að endurvekja lýðræði.

Heimildir: Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðabankinn. Myndir: Associated Press © GRAPHIC NEWS

TILBOÐ

19" GAMERS Edition

VL9
VAXTALAUSTI/9 MÁN
4.989

19" ACER GAMERS EDITION
19" Acer Gamers Edition er með 8ms viðbragðstíma fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum

CRYSTALBRITE
CrystalBrite tæknin skilar ótrúlega mikilli dýpt, blek-svörtum grunni og sterkum litum

GLÆSILEG HÖNNUN
Glæsilegur silfurhlitaður og svartur skjár með VGA, DVI og hljódtengjum í skjáfætinum



VERÐ 44.900

GEFORCE6 NX6600GT



Zero Noise

Viftulaust MSI Geforce6 6600GT með ofur hraðvirkt 256MB 1000MHz DDR3 vinnsluminni, kemur með HDTV stuðning og TV-út. Fyrsta alvöru **VIFTULAUSA** PCI-Express skjá kortið með hljóðlausri Zero Noise MSI Heatpipe tækni

VERÐ 19.900

TVIX 3.5" SPILARI



BEINT Í SJÓNVARP

Horðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu

BEINT Í GRÆJUR

Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr Tvix spilaranum án tölvu eða sjónvarps

AUÐVELD Í NOTKUN

Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG

ÁN HD
14.900

250GB
25.900

320GB
29.900

NY OG GLÆSILEG KYNSLÖB TLIX SPILARA
NY GÖTUSKÝSLÖS

SÚPERTILBOÐ 3



3000+

- 3000+ AMD Sempron 64Bit HT
- 512MB DDR 400MHz minni
- 128MBATI RadeonX300skjákort
- Dolby Digital 5.1 EAX2 hljóðkerfi
- 10/100netkort, SATA og FireWire

VERÐ 26.900

GEFORCE6 NX6600GT



VIKUTILBOÐ

MSI Geforce6 NX6600GT með ofur hraðvirkt 128MB DDR3 1000MHz minni, TV-út, VGA og DVI tengi, PCI Express x16

VERÐ 12.900

16X DVD SKRIFARI



SVARTUR
HVÍTUR
SILFUR

Hljóðlátasti 16X +/- DVD Dual Layer skrifarinn á markaðinum í dag. Nero skrifara hugbúnaður fylgir með

VERÐ 5.990

CANON iP4200



- 5 hylkja kerfi, hagkvæmur í rekstri
- Chromalife 100 tækni, tryggir betri gæði
- Full blæðing á A4 í 9600x2400 dpi
- Prentar 10x15 jaðarlausa mynd á 51 sek
- 29 bls á mínútu í svörtu og 19 bls í lit

VERÐ 7.990



Sennheiser RS110 þráðlaus og létt heymartól

VERÐ 4.990



Flott Logitech QuikCam Messenger vefmyndavél

VERÐ 4.990



512MB Corsair 400MHz minni með lífstíðarábyrgð

VERÐ 5.990



Toppurinn í dag, Logitech G7 þráðlaus leikjámús

VERÐ 9.990



VERÐ 1.990



VERÐ 3.490



VERÐ 3.490



VERÐ 4.490



Vaxtalaust tilboð er miðað við 9 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjöld bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 46.478 og dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glergötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

skoðun

SJÓNARMÍÐ
PORSTEINN PÁLSSON

Langtímasjónarmið eða skammtímahagsmunir?

Nú gildir að standa í ístaðinu

Að þessum vettvangi og víðar hefur verið á það bent að þrýstingur vex nú mjög á fjármálaráðherra að lækka opinber gjöld á eldsneyti. Þetta eru þekkt viðbrögð þegar á þann veg stendur að innflutningsverð á eldsneyti hækkar. Þess eru dæmi að undan slíkum þrýstingi hafi verið látið. Hann kemur því eðlilega upp á ný.

Neytendum sýnist yfirleitt, í fljótu bragði að minnsta kosti, að þetta geti verið einföld og sanngjörn leið til þess að mæta kostnaðarhækkunum. Hagsmunasamtök bifreiðaeigenda gerast jafnan talsmenn þessa. Þingmenn taka gjarnan undir sjónarmið af þessu tagi. Það getur átt við hvort heldur þeir eru í röðum stjórnar eða stjórnarandstöðu.

Þegar meta á hvort skynsamlegt er að bregðast við kostnaðarhækkunum á mikilvægri neysluföru heimilanna með þessum hætti þarf fyrst að meta hvort bregða eigi á viðfangsefnið mælistiku skammtíma- eða langtímasjónarmiða. Stundum hefur það verið talið réttlætandlegt að eyða augljósum skammtímaverðsveiflum á erlendum eldsneytismörkuðum með tímabundinni lækkun gjalda.

Við ríkjandi aðstæður er fátt sem bendir til þess að erlendar sveiflur séu að uppistöðu til skammvinnar. Enn fremur er ljóst að óhjákvæmileg lækkun á verðgildi íslensku krónunnar vegur þungt í þessu efni. Hvort tveggja gerir það að verkum að skynsamlegt er að horfa á viðfangsefnið út frá langtímasjónarmiðum.

Þær hræringar sem orðið hafa á gengis- og fjármálamörkuðum undanfarnar vikur kalla á öguð og markviss viðbrögð stjórnvalda. Þar verða framtíðarhagsmunir þjóðarþúsakaparins, atvinnufyrirtækja og neytenda, að sitja í fyrirrúmi.

Markmiðið hlýtur afar öðru að vera það að koma á jafnvægi á nýjan leik. Þar fara hagsmunir neytenda og fyrirtækja saman. Í því sambandi er mikilvægt að greina rétt orsakir þess vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir. Þar blasa nokkrar einfaldar staðreyndir við.

Gengi íslensku krónunnar hefur um nokkurn tíma verið of hátt skráð. Raunveruleg verðmætasköpun hefur ekki staðið að baki allri þeirri kaupmáttaraukningu sem þjóðin hefur notið. Það hefur leitt til erlendar skuldaföfnunar; að verulegu leyti vegna einkaneyslu. Þegar markaðsöflin hafa knúið krónuna niður stendur þjóðin frammi fyrir þeim blákalda veruleika að greiða til baka það sem eytt hefur verið umfram efni.

Ef við ætlum að skjóta okkur undan því að bregðast við þessum einföldu staðreyndum er næsta víst að óstöðugleiki og sviptingar muni halda áfram í efnahagslífinu og að verðbólga verður langvarandi en ekki tímabundin.

Bílaínnflutningur og þar af leiðandi vaxandi eldsneytisnotkun er ósmár þáttur umframeyðslunnar. Með allt þetta í huga er skynsamlegt við ríkjandi aðstæður að gera þær kröfur til stjórnvalda að þau horfi á viðfangsefnið út frá langtímahagsmunum.

Það þýðir að langtímahagsmunum neytenda jafnt sem atvinnulífs er best borgið með því að stjórnvöld standi fast í ístaðinu og láti ekki stundarhagsmuni ráða þó að kosningar séu í nánd. Eins og sakir standa er fremur þörf á meiri tekjuafgangi ríkissjóðs en minni.

Aðhald í ríkisfjármálum nú getur ráðið úrslitum um hvort hagsmunir almennings verði tryggðir til lengri tíma í kjölfar þess umröts sem orðið hefur.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Beinskeytt viðbrögð?

Stóru flokkarnir sem bjóða fram til borgarstjórnar í Reykjavík í vor blésu báðir til blaðamannafunda með litlum fyrirvara í gær. Sjálfstæðismenn riðu á vaðið og kölluðu blaðamenn til fundar við sig kl. 10.40 á sunnudagsmorgni. Við á Fréttablaðinu veltum því fyrir okkur hvort þetta væru beinskeytt viðbrögð við niðurstöðum skoðanakönnunar okkar sem sýndi að fylgi stóru flokkanna hafi dalað en að hinir smærri séu í sókn. Samfylkingarfólk og sjálfstæðismenn segja að svo sé ekki, því fundirnir hafi löngu verið ákveðnir.



Hlaupið í skarðið

Þegar tveir stjórnmalaflokkar halda blaðamannafundi í Reykjavík á sunnudegi þarf ekki vitnanna við um það að kosningabaráttan er komin á fullan skrið. Þann rúma mánuð sem eftir er til kosninga mun þunginn í henni vaxa dag frá degi. Flokkarnir leitast nú við að hámarka þá athygli sem málflokkur þeirra fær og hlaupa í skarðið á þeim tíma sem þeir vita að lítið er í gangi í þjóðfélaginu. Sjálfsagt verður það fremur regla en undantekning þær helgar sem eftir eru til kosninga að frambjóðendum reyni með fundarhöldum eða öðrum útspílum að ná sem mestri athygli í umræðunni.



Út úr skugga Davíðs

Grein Illuga Gunnarssonar í Fréttablaðinu í gær vakti athygli enda varð ekki annað séð en að þar væri fyrirverandi aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar að setja sig upp á móti peningamálastefnu Seðlabankans. Margir búast við því að Illugi stefni á þingsæti í kosningunum næsta vor og að hugur hans stangi jafnvel til þess að leysa tengdaföður sinn, Einar Odd Kristjánsson, af hólmi sem þingmann Vestfirðinga. Hvað sem því líður markar grein Illuga þau skil á hans ferli að þar stígur aðstoðarmaðurinn fyrirverandi út úr löngum skugga Davíðs með meira afgerandi hætti en áður.

petur@frettabladid.is

Chez Styrmir – vinsæll veitingastaður

Þann 13. apríl síðastliðinn voru Staksteinar Morgunblaðsins helgaðir meintri fáfræði Ingibjargar Sólrúnar og Marðar Arnasonar um varnarmál þjóðarinnar. Þingmennirnir höfðu undrast að Morgunblaðið virtist búa yfir meiri upplýsingum um varnarviðræður Íslandinga og Bandaríkjamanna en utanríkismálanefnd Alþingis. Af alkenri hógværd taldi Staksteinahöfundur slíkt ekki óeðlilegt, þar sem „á ritstjórn Morgunblaðsins hefur verið til staðar meiri þekking á og vitneskja um varnarmál þjóðarinnar heldur en hjá Ingibjörgu Sólrúnu, Merði Arnasyni og forverum þeirra.“

Í DAG ÚT AÐ BORDA



HALLGRÍMUR
HELGASON

Aftur hló ritarinn, en nú með hneykslunarkeim. „Við gefum aldrei upp nöfn þeirra sem borða hérna, rétt eins og hún Ingibjörg Sólrún getur treyst því að þetta fari ekki lengra.“

Dálkurinn endaði á þessa leið: „En auðvitað er hægt að efna til námskeiðs í upplýsingaöflun fyrir þau Ingibjörgu Sólrúnu og Mörð Arnason. Það mætti kannski bjóða þeim í hádegisverð?“

Undirrituðum datt í hug að láta reyna á boðið, dulbjó rödd sína og hringdi upp á Mogga, það um samband við ritstjórnann.

„Fyrir hvern er það?“ svaraði roskin símadama.

„Ég heiti Sæmundur Hólm og er út hringja hérna frá flokks-skrifstofu Samfylkingarinnar.“

„Hann Styrmir tekur nú yfirleitt ekki símann sjálfur. Er þetta út af einhverju sérstöku?“

„Já, ég er að hringja fyrir Ingibjörgu Sólrúnu og Mörð Arnason, formann og þingmann Samfylkingarinnar...“

„Ertu að hringja fyrir Ingibjörgu Sólrúnu?“

„Já.“

„Það er langbest fyrir hana að senda honum bara tölvupóst.“

„Ee... Heldurðu að það sé ráðlegt?“

„Já, já, það er allt öruggt hjá honum núna.“

„Er það?“

„Já, pósthólfíð hans er vaktað allan sólarhringinn.“

„Já, hún vill nú samt síður senda honum tölvupóst.“

„Heyrðu, ég skal gefa þér samband við ritarann hans, augnablik.“

Þegar hér var komið sögu var ég orðinn dauðstressaður. Hvað myndi gerast ef ritarinn sæi í gegnum símaatið? Mér gafst ekki

tími til að hræðast frekar því nú heyrðist í huggulegri kvenrödd sem var ögn yngri en símadama: „Hjá ritstjóra.“

„Já, ég heiti Sæmundur Hólm og er út af hringja fyrir Ingibjörgu Sólrúnu og Mörð Arnason. Það er út af hádegisverðarboði. Hann... ritstjórninn skrifaði í blaðið um daginn að þau væru velkomin í hádegisverð til sín.“

„Já? Jú. Alveg rétt.“

„Og... Stendur það boð enn eða...?“

„Já, það held ég. Viltu bíða aðeins...“

Um stund hlýddi ég á skrifborðsklið og stólaskrið. Og muldur mildra radda. Síðan kom hinn ljúfi ritari aftur í símann.

„Já, hún er velkomin.“

„Ee... Þú meinar Ingibjörg Sólrún?“

„Já, hún getur komið ef hún vill.“

„Já, ég var nú reyndar að tala um Ingibjörgu OG Mörð.“

„Já? Bíddu aðeins...“

Heyra mátti að hönd var brugðið fyrir tólið í nokkrar sekúndur. Þar til ritarinn sagði:

„Það er nú eiginlega betra ef hún getur komið ein.“

„Já, en... Þetta á alls ekki að verða neinn rómantískur hádegisverður, sko.“

Ég stressaðist ögn upp við að heyra mig segja þetta og datt út úr karakternum Sæmundi Hólmi litla stund, hélt að ég hefði kannski gengið of langt. En ritarinn and-

varpaði aðeins stutt og sagði síðan:

„Nei, nei, þannig að þau vilja koma tvö?“

„Já. Það er bara spurning hvenær.“ svaraði ég, feginn því að hafa ekki vakið reiði hjá stúlkunni.

„Bíddu. Skulum sjá. Það er nú ekkert laust í þessari viku. Og næsta vika er ráðherraþingi hjá honum. Ég sé að það er ekkert laust fyrr en 18. maí. Það er þriðjudagur.“

„Já, það er nú svolítið seint,“ kvartaði ég. „Er virkilega ekkert laust fyrr?“

„Því miður.“

„Hvað, er svona vinsælt að borða þarna?“

„Já, það má segja það,“ svaraði stúlkun og hló örliðið.

„En hvað með laugardag? Er ekki hægt að skvísa þeim inn einhvern laugardaginn?“

„Nei, hann er alltaf með fasta á laugardögum.“

„Pasta?“

„Nei, fasta.“

„Ha? Fastar hann á laugardögum?“

„Nei. Þá er hann með fastagestina sína. Þeir koma á laugardögum.“

„Nú? Hverjir eru það? Kjartan og Jón Steinar og þeir?“

Aftur hló ritarinn, en nú með hneykslunarkeim. „Við gefum aldrei upp nöfn þeirra sem borða hérna, rétt eins og hún Ingibjörg Sólrún getur treyst því að þetta fari ekki lengra.“

„Hann fer samsagt ekkert með þetta í blaðið?“

„Nei, allt sem sagt er á þessum fundum er trúnaðarmál sem fer ekki lengra. Allar upplýsingar sem ritstjórnin fær með þessum hætti eru fyrir hann einan og fara ekkert lengra. Þið getið treyst því.“

„Já, Mogginn er auðvitað þannig blaði. Hann velur sínar fréttir vel.“

Nú varð örliðil þögn í samtalinu en síðan heyrðist ritarinn andvarpa áður en hún sagði ögn pirruð: „Hvernig er það? Ætlarðu að taka 18. maí eða...?“

„Já, ætli það ekki bara. Það er þá samsagt borð fyrir tvo. Og ef þú ættir borð við gluggann þá væri það æðislegt.“

VIKA BÓKARINNAR



Notaðu þína ávísun!

Notaðu þína ávísun til bókaþinga, því lestur er líkamsrækt hugans!

Hvaða bækur vilt þú?

MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRN: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRNAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason. RITSTJÓRNARFULLTRÚ: Steinn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörnkum án endurgjalds. ÍSSN 1670-3871



HORFIR ÞÚ ENN Á STÖÐ 2 EÐA SÝN Í GEGNUM GAMLA MYNDLYKILINN?

SKIPTU ÞEIM GAMLA ÚT Á NÚLL KRÓNUR



TRYGGÐU ÞÉR FLEIRI SJÓNVARPSSTÖÐVAR, ÁN ENDURGJALDS!



Nú getur þú fengið nýjan stafrænan Digital Ísland myndlykil þér að kostnaðarlausu.

Með nýja stafræna myndlyklinum færðu stóraukin myndgæði og aðgang að nýjum stöðvum sem ekki nást með gamla myndlyklinum, en sjónvarpsstöðvunum NFS, Sirkus og Stöð 2+ nærðu aðeins með nýja myndlyklinum.



Allir sem skipta út gamla myndlyklinum og sækja nýjan fyrir 30. apríl fá 10 daga ókeypis kynningaráskrift að Sýn eða Stöð 2 og DVD-disk með Strákunum.

Skiptu gamla myndlyklinum út fyrir þann nýja í næstu verslun Og Vodafone, Rafeindatækni í Keflavík eða í Tölvuþjónustunni Akranesi og þú horfir á uppáhalds sjónvarpsstöðvarnar þínar í stafrænum hágæðum án aukakostnaðar og án þess að þurfa örbylgjuloftnet.*

* UHF loftnetið gerir þér kleift að horfa á NFS, Sirkus, Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Bíó, Sýn og Rúv í stafrænum gæðum en það þarf örbylgjuloftnet til að ná Sýn+, PoppTV og erlendu sjónvarpsrásunum á Digital Íslandi.

GOTT FOLK MCGANN

digital island

OG VODAFONE: KRINGLUNNI / SMÁRALIND / SÍÐUMÚLA / AKUREYRI / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

Þátttaka og viðhorf í borgarstjórn

UMRÆÐAN
STJÓRNMÁL



TOSHIKI TOMA
PRESTUR OG STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

Svandís Svavarsdóttir, sem skipar 1. sæti á lista VG til borgarstjórnarkosninganna, hefur skrifað nokkrar greinar í dagblöð undanfarnar vikur. Þær hafa vakið athygli mína og ég tel að Svandís sé kostur sem vert sé að skoða af alvöru. Mér sýnist að hún sé stjórnmálamaður sem starfi af hugsjón, hefur skýra og uppbyggjandi framtíðarsýn, grund-

vallaða á sterkri lífsskoðun og reynslu. Ég er að mörgu leyti sammála ummælum Svandísar og sjónarmiðum hennar í grundvallaratriðum. Þann 23. mars sl. skrifaði Svandís grein sem bar titilinn „Borg er fyrst og fremst samfélag“. Þar segir hún: VG vill „ekki tala um fötlunarpólitík eða pólitík í málefnum fatlaðra, eins og málið snúist um að við stjórnmálamennirnir séum að gera eitthvað fyrir aðra. Málefni fatlaðra eru í raun og veru málefni allra. Fatlaðir eru hluti af samfélaginu, ekki sérstakur hópur, heldur venjulegt fólk. Fatlaðir eru ekki hinir heldur við.“ Ég segi: „Amen“, þrisvar. Það þýðir ekki að við ættum ekki að aðhafast neitt í ofangreindu

máli heldur snýst þetta um viðhorf. „Viðhorf skiptir öllu máli. Viðhorf samfélagsins til einstaklings er hluti af því sem skapar hans vitund og sjálfsmynd,“ segir Svandís. Ég hef verið að segja nákvæmlega það sama varðandi málefni samkynhneigðra og þjóðkirkjunnar en því miður hefur málfutningurinn ekki hlotið hljómgrunn hjá meirihlutunum hingað til. Við erum svo von því þegar við byrjum að hugsa um tiltekið mál eða málefni að flokka það og aðgreina, jafnvel tæknilega. Þessi aðferð dregur ekki aðeins línu milli hinna og okkar, heldur ýtir hún oftast fólk inn í ferkantaðan kassa og rænir það svo mörgum möguleikum sem það

hefur sem manneskja. Það loðir t.d. sú ímynd við að fatlað fólk geti ekki talað um neitt nema fötlun, innflytjendur einungis um málefni útlendinga og múslimar um íslam svo aðeins fáein dæmi séu nefnd. En við erum fyrst og fremst manneskjur eins og flestir í samfélaginu og það er mjög leiðigjarnar að setja slíkan merkimiða sjálfkrafa á fólk. Sem dæmi má nefna að þá langar okkur innflytjendur til dæmis oft að segja okkar skoðun á virkjunarmálum hárlandis eða leikskólagjöldum. Það er sem sagt mjög mikilvægt að sjá samfélagið sem samkomu af manneskjum áður en við byrjum á að sundurgreina það. Svandís heldur áfram: „Þátttaka er lykilorðið ... Borgin

þarf líka á fötluðum að halda eins og öðrum í borgarsamfélaginu, þeirra reynslu, sýn og framlagi á öllum sviðum.“ Þátttaka er sannarlega lykilorðið. Ég vil endilega nota þetta orð í umræðum um málefni innflytjenda í staðinn fyrir óskýrt hugtak „gagnkvæma aðlögun.“ Þátttaka á að vera grunnviðmið í samfélagi til að meta lýðræði þess, þar sem ólýðræði birtist í því að takmarka þátttöku eða aðgengi borgarþúa í eða að stjórnsýslu á ýmsan hátt. Ég er sammála því að horfa á samfélagið sem samfélag allra manna frekar en marga sérhópa, að setja hugtakið þátttöku í öndvegi og leggja áherslu á mikilvægi viðhorfsins. Slíkur framþjóandi og flokkur hans á skilinn stuðning.

Auglýsingar eru upplýsingar

UMRÆÐAN
AUGLÝSINGAR
STJÓRNMÁLAFLOKKA



ÓSKAR BERGSSON

Ef flokkur sem ekki á sitt mál-gagn og hefur minni aðgang að fjölmiðlum en samkeppnis-aðilinn, fær ekki að auglýsa stefnu sína og störf í gegnum þá fjölmiðla sem mest áhrif hafa, hvar á hann þá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri?

Auglýsingar í stað mál-gagna

Stjórnmálaflokkarnir allir hafa rekið og reka sín málöggn með misáberandi hætti. Þar er skilaboðum flokkanna komið á framfæri með öllum ráðum. Stundum í forystugreinum, stundum í fréttaskýringum en oftast með óbeinni aðferðum eins og myndbirtingum og á stundum, þögninni. Þeir stjórnmálaflokkar sem hafa betri aðgang að fjölmiðlum hafa samkeppnisforskot á aðra flokka sem keppast um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til almennings.

Eftir að Framsóknarflokkurinn hætti að reka málöggn sitt, Tímanna, þá hefur flokkurinn lagt fram störf sín og stefnu í formi auglýsinga í aðdraganda kosninga. Þær auglýsingar hafa bæði rífað upp það sem flokkurinn hefur gert á yfirstandandi kjörtímabili og eins gefið fyrirheit um framtíðarsýn flokksins í ákveðnum málaflokkum. Ef flokkur, sem ekki á sitt málöggn og hefur minni aðgang að fjölmiðlum en samkeppnis-aðilinn, fær ekki að auglýsa stefnu sína og störf í gegnum þá fjölmiðla sem mest áhrif hafa, hvar á hann þá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri? Reglur sem Ólafur og „Þjóðarhreyfingin - með lýðræði“ tala fyrir, held ég að gangi aldrei upp þegar á reynir. Ef svo færi að slíkum reglum yrði komið á og fundin aðferð til þess að fylgja þeim eftir þá væri það fyrst og fremst stóru flokkarnir sem ættu fjölmiðlana sem nytu þá fyrst yfirburða sína. Ég held að forskotið sem þeir hafa nú þegar sé ærið þótt ekki komi til auglýsingabann á þá flokka sem hafa lagt niður málöggn sín og misnota ekki „óháðar“ fréttastofur.

Eins og hver önnur vara á markaði
Eftir fjölmiðlafund Þjóðarhreyfinginnar

ingarrinnar - með lýðræði þar sem lagt var til að stjórnmálaflokkarnir auglýstu ekki í sjónvarpi var ég spurður í þætti á Bylgjunni hver mín viðbrögð við tillögum þeirra væru. Mitt svar er einfalt. Stjórnmálaflokkar eru eins og hver önnur vara á markaði. Vara sem er í samkeppni um hylli neytenda. Það er ekki nóg að standa fyrir góðum málum og hafa skýra framtíðarsýn ef ekki er hægt að koma málum sínum á framfæri við almennig. Auglýsingar er tæki til að koma upplýsingum á framfæri. Framsóknarflokkurinn mun nota þær aðferðir sem hann telur bestar til þess að ná árangri í kosningunum. Auglýsingar er ein leið af mörgum sem við notum til þess að ná til fólks en alls ekki sú eina. Í 90 ára sögu flokksins hafa verið notaðar margs konar aðferðir aðrar en auglýsingar til þess að ná til kjósenda og þær verða að sjálfsögðu líka notaðar núna.

Hvað gengur þeim til?

Í umræðu eins og þessari þá er eðlilegt að vakni spurning eins og sú hvað Ólafi og félögum gangi til með að vilja takmarka aðgang stjórnmálaflokka að fjölmiðlum í aðdraganda kosninga. Það eru ekki hagsmunir fjölmiðlanna, það eru ekki hagsmunir þeirra flokka sem ekki eiga fjölmiðla og það eru ekki hagsmunir almennings sem er fullfær um að flokka frá sér það áreiti sem hann kærir sig ekki um. Spurningin um hvaða hagsmunir er verið að verja er því ósvarað. Ég læt „Þjóðarhreyfingunni“ það eftir og um leið má hún svara því hvort munur sé á því að auglýsa áherslumál sín í sjónvarpi, eða í New York Times eins og hún, ein íslenskra stjórnmálaflokkanna, hefur reynt.

Höfundur skipar 2. sætið á B-listanum í Reykjavík.

Aukum öryggi barnanna okkar

UMRÆÐAN
ÖRYGGISDAGAR
MICROSOFT



ELVAR STEINN ÞORKELSSON

Takmörkuð tæknipækking getur leitt til þess að óvart séu opnaðar bakdyr inn á heimilistölvuna sem glæpamenn geta notað til að birta ýmsan óhroða eða komast í mikilvægar persónuupplýsingar. Og í verstu tilfellunum hefur vanþekking barna á nútímamasamspiki tækni leitt til þess að þau lendi í klónum á misindismönnum með hörmulegum afleiðingum.

Sennilega er okkur ekkert mikilvægara en öryggi barnanna okkar. Ef að þeim steðjar ógn verður hið daglega streði harla lítilfjórlegt. Því miður er það samt svo að í sífellt flóknari og hraðari heimi tækninýjunga fjölga hættunum sem við þurfum að varast um leið og það verður erfiðara að hafa yfirsýn yfir það sem mögulega gæti ógnað velferð fjölskyldunnar. Og það sem verja er, að fyrst okkur fulloröna fólkinu finnst erfitt að fylgjast með öllum þeim nýjungum sem stöðugt koma fram á sjónarsviði þá er það enn erfiðara fyrir börnin okkar að átta sig á hinum ýmsu skuggahlíðum sem tækninni geta fylgt.

Ef ekki er rétt farið að við notkun Internetsins má til að mynda nálgast þar ýmislegt efni sem getur haft slæm áhrif á líðan barna og andlegan þroska þeirra. Takmörkuð tæknipækking getur leitt til þess að óvart séu opnaðar bakdyr inn á heimilistölvuna sem glæpamenn geta notað til að birta ýmsan óhroða eða komast í mikilvægar persónuupplýsingar. Og í verstu tilfellunum hefur vanþekking barna á nútímamasamspiki tækni leitt til þess að þau lendi í klónum á misindismönnum með hörmulegum afleiðingum. Þetta eru einungis örfá dæmi um þær hættur sem við þurfum að varast eftir að nýjasta tölvu- og samspiki tækni kom til skjalanna.

Starfsmenn Microsoft þekka vel þessa umræðu, enda erum við virkir þátttakendur sem stærsta hugbúnaðarfyrirtæki heims. Microsoft hefur á heimsvísu tekið virkan þátt í að auka öryggi barna við tölvunotkun á ýmsan hátt og má til að mynda nefna að fyrirtækið hefur á síðustu árum veitt yfir 300 milljónum króna í þróun sérstaks hugbúnaðar sem hjálpar nú lögreglu um allan heim að hafa hendur í hári þeirra sem dreifa barnaklámi á netinu. Við hjá Microsoft Íslandi viljum að sjálfsögðu leggja okkar af mörkum til að auka öryggi íslenskra barna og unglinga sem eru að kynna tækniheiminum. Til að mynda höfum við stutt samtök á borð við Heimili og skóla og Barnaheill við ýmis verkefni sem tengjast þessum málaflokki, en við viljum jafnframt sýna vilja okkar í verki og taka sjálf þátt í að fræða börn og unglinga um það hvernig best sé að umgangast tölvur og aðrar tækninýjungar með sem öruggast hætti.

Þess vegna höldum við nú öryggisdaga Microsoft, frá 24. til 28. apríl. Á meðan á þeim stendur leggur starfsfólk Microsoft Íslandi auk nokkurra samstarfsaðila niður hefðbundna vinnu og fer í heimsókn til fjölmargra grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu til að fræða 9 til 14 ára nemendur um tölvuöryggi. Við munum útskýra fyrir börnunum hvernig eigi að umgangast tölvur og Internetið á öruggan hátt, fara varlega í samskiptum við ókunnuga á Internetinu og virða hvert annað í skrifum á Netið, svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt munum við nýta tækifærið og senda foreldrum fræðsluefni um hvernig best sé að haga uppsetningu heimilistölvanna til að lágmarka hættuna á að börnin fái aðgang að óeðskilegum efni eða komist í samband við misindismenn. Það er von okkar hjá Microsoft Íslandi að öryggisdagarnir geri börnin okkar hæfari til að bregðast við þeim hættum sem að þeim steðja með tilkomu nýrrar tækni. Hún verður hér eftir árlegur viðburður og mikilvægur þáttur í starfsemi okkar. Við munum hverfa frá daglegu amstri og leggja allan okkar kraft í að auka öryggi íslenskra barna. Enda varla hægt að hugsa sér mikilvægara verkefni en það.

Höfundur er framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.

MESTA ÚRVAL LANDSINS

AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM





ARNAR KRISTÍN

VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN STRAX UPPÍ NÝJAN GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

VÍKUR
V • E • R • K

www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720

SENDIÐ OKKUR LÍNU
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnröð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasiðunni á vísir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísni eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Askilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Misskilningi eytt
Í vöðali í Blaðinu 22.4. síðastliðinn við Eyþór Arnalds mátti skilja að hann væri einstæður faðir. Það er hann ekki og hefur ekki verið. Börnin okkar tvö eru í forsjá minni.
Móeiður Júníusdóttir.

BLÓMÁLFURINN ÓSIGRANDI

Steinar Björgvinsson varð Íslandsmeistari í blómaskreytingum í annað sinn.

HÚS 2

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

Ás	30-32
Árborgir	28
Domus	6-7, 29
Draumahús	19-22
Perla Investments	15
Eignalistinn	29
Fasteignastofan	13
Fasteignam. Grafarv.	14
Foss	5
Gloria Casa	18
Hof	8
Húseign	10-11
Höfði	25
Lundur	26
Lyngvík	9
Lögmenn Suðurl.	23,28
Neteign	23
Nýtt	33
Perla Investments	15
Remax	5,12,15,24
Stefán Ólafsson	13
Valhöll	16-17
Víðskiptahúsið	29



Huldubraut 1 er falleg eign á góðum stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/DÁNIEL

Fjölskylduhús með sjávarútsýni

Fasteignasalan Domus er með til sölu 217,1 fermetra vel skipulagt einbýlishús á eftirsóttum stað í vesturbæ Kópavogs.

Húsið er þrjár hæðir. Á neðstu hæðinni er 71,5 fermetra 3ja herbergja íbúð með sérinnangi. Önnur hæðin (aðalhæðin) er 90,3 fermetrar og risið er 27 fermetrar. Í risinu er þrjú svefnherbergi, salerni og tvær geymslur ásamt geymsluplássi undir súð. Þegar gengið er inn á aðalhæðina er komið inn í flísalagða forstofu. Þaðan er gengið inn í hol sem tengir saman aðrar vistaverur hæðarinnar.

Stofan er teppalögð, rúmgóð og mjög björt. Stórir fallegir bogadregnir gluggar vísa í suður, rennihurð skilur að stofu og borðstofu. Útgengt er út úr stofunni á litlar svalir sem snúa í suður og vestur.

Eldhús er með upprunalegri innréttingu með góðu skápláss og góður borðkrók.

